# FRÉTTABLAÐIÐ

81. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. APRÍL 2016


# Ný ríkisstjórn Sigurðar Inga í skugga ósættis

**Lilja Alfreðsdóttir nýr ráðherra. Kosningar í haust. Nýtt vantraust frá stjórnarandstöðunni. Ósætti er innan stjórnarflokkanna um niðurstöðuna. Ekki var kosið innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins.**

**STJÓRNMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson verður forsætisráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, sérfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasamskipta á skrifstofu seðlabankastjóra, verður nýr utanþingsráðherra. Ekki liggur fyrir hvaða ráðuneyti hún mun fara fyrir en leiða má líkur að því að hún taki við af Sigurði Inga sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Boðað verður til ríkisráðsfundar á Bessastöðum upp úr hádegi í dag að sögn Sigurðar Inga.

Kosningum verður flýtt fram á haust. Það kom fram í máli Bjarna Benediktssonar að fyrst kjörtímabilið styttist um einn vetur blasi það við að forgangsraða þurfi í stefnumálum ríkisstjórnarinnar.

Ósætti er innan stjórnarflokkanna. Ekki var kosið um tillöguna innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins og ósætti er með hana meðal nokkurra þingmanna.

„Það voru bara allir kostir slæmir í þessari stöðu, þetta var tillaga formanns og ákvörðun hans. Tíminn verður að leiða það í ljós hversu vel þetta gengur,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir um málið. Um ákvörðunina að halda kosningar í haust segir hún: „Ég sé ekkert að því að hafa kosningar sem fyrst ef þetta er niðurstaða flokksins.“

Vigdís Hauksdóttir segist vera ósátt við að gengið var fram hjá henni hvað ráðherrasæti varðar. Vigdís segir Lilju færa konu. „En mér finnst forysta flokksins hafa gengið fram hjá mér í annað sinn,“ segir hún.

Í máli forystumanna stjórnarandstöðunnar kom fram að kosningar í fyrra falli væri skref í rétta átt en engu að síður hundsi stjórnarflokkarnir kall almennings eftir tafarlausum kosningum. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram nýja tillögu um vantraust á nýja ríkisstjórn.

„Þau bjóða þjóðinni upp á framlengt dauðastríð,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sem sagði einnig að stjórnarflokkarnir væru of laskaðir til að stýra landinu. – srs / sjá síðu 2, 4 og 6

> **Það voru bara allir kostir slæmir í þessari stöðu, þetta var tillaga formanns og ákvörðun hans. Tíminn verður að leiða það í ljós hversu vel þetta gengur. Ég sé ekkert að því að hafa kosningar sem fyrst ef þetta er niðurstaða flokksins.**
>
> Unnur Brá Konráðsdóttir þingmaður Sjálfstæðisflokksins



> **Mér finnst forysta flokksins hafa gengið fram hjá mér í annað sinn.**
>
> Vigdís Hauksdóttir þingmaður Framsóknarflokksins






**Nýtt andlit ríkisstjórnarinnar.** Sigurður Ingi Jóhannsson verður nýr forsætisráðherra í áframhaldandi stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Bjarni Benediktsson og Sigurður kynntu breytingar á stjórninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Með höfrungum við Tortóla

**LÍFIÐ** Eyjan Tortóla í Karíbahafinu hefur verið á allra vörum síðustu daga. Tortóla er ekki hinn dæmigerði sumarleyfisstaður en þó er ýmislegt hægt að finna sér til dundurs leggi maður leið sína þangað. Til þess að komast til Tortóla þarf nánast alltaf að fara um Ameríku og ferðalagið tekur allt að 14 tíma.

Það er ýmislegt hægt að finna sér að gera á Tortóla, en staðurinn er meðal annars þekktur fyrir frábærar strendur þar sem hægt er að synda með höfrungum, kafa, snorkla og læra á brimbretti.



– gjs / sjá síðu 46

## Vilja lögbann á framkvæmdir

**DÓMSMÁL** Íbúar við Vesturgötu og Norðurstíg eru ósáttir við fyrirhugaðar framkvæmdir við svokallaðan Naustareit og ætla að láta reyna á að fá lögbann á þær. Til stendur að sprengja í klöpp og telja íbúarnir að sprengingarnar muni valda skemmdum í nágrenninu.

Íbúar funduðu á þriðjudag með byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar sem sagði verktakann Mannverk hafi fengið framkvæmdaleyfið. Hann gat ekki veitt svör við því hvort skemmdir geti orðið á nærliggjandi húsum vegna sprenginganna.

Íbúarnir undrast hvers vegna byggingarleyfi er gefið út án þess að þær upplýsingar liggi fyrir. Borgin veitti íbúum þau svör að eigendur og framkvæmdaaðilar beri ábyrgð á því ef skemmdir verða. – þv

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Ari Trausti Guðmundsson skrifar um ranga leiki. 22

**SPORT** Masters-mótið í golfi hefst í dag. 30

**MENNING** Emilía Rós Sigfúsdóttir leikur eftirlætiskonsertinn með sinfóníunni í kvöld. 38

**LÍFIÐ** Hjólabrettafélagið Make hannar bretti með stíl. 50

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955



## Veður




**Í dag** verður hæglætisveður framan af degi og sólin ætti eitthvað að ná að brjótast í gegnum skýin. Um kvöldið þykknar upp á Suður- og Vesturlandi og það hvessir. SJÁ SÍÐU 36

# Fjölmennar áheyrnarprufur í Borgarleikhúsi




Á bláum hnetti lengst úti í geimnum búa ótal börn sem fullorðnast ekki. Yfir fimm hundruð börn freistuðu gæfunnar í gær og vildu slást í hóp þeirra, en verkið Sagan af bláa hnettinum verður sett á svið í Borgarleikhúsinu á næsta leikári. Sagan af bláa hnettinum er barnabók eftir Andra Snæ Magnason, hún hefur komið út á yfir 30 tungumálum og hefur leikritið verið sett upp um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Forsætisráðherra gekk á fund forsetans á þriðjudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þingrofsskjal fæst ekki afhent

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðuneytið hafnar því að afhenda afrit af skjali því sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og starfsmenn ráðuneytis hans hafa haft meðferðis á fund forseta á þriðjudaginn.

Í synjun forsætisráðuneytisins segir að skjalið teljist til vinnugagna og að slík gögn séu undanþegin upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum. Vinnugögn teljist gögn sem stjórnvöld eða lögaðilar hafi „ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls.“

Forsetinn hefur sagt að á fyrrgreindum fundi hafi forsætisráðherra óskað eftir því að forsetinn samþykkti tillögu um þingrof. „Formleg tillaga um þingrof var hvorki borin upp á fundinum né kynnt forseta eins og skilja mátti af ummælum forseta Íslands að fundi loknum,“ segir hins vegar í frétt sem sett var inn á vef forsætisráðuneytisins nokkru eftir fundinn í fyrradag. **– gar**



**Haraldur Flosi Tryggvason lætur af formennsku í Veitum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Veitur fá nýjan stjórnarformann

**STJÓRNSÝSLA** Brynhildur Davíðsdóttir mun taka við stjórnarformennsku í Veitum ohf. af Haraldi Flosa Tryggvasyni á aðalfundi fyrirtækisins 18. apríl.

Jafnframt því að Haraldur Flosi gengur úr stjórn Veitna mun Sigríður Rut Júlíusdóttir lögmaður taka sæti hans í stjórninni. Þetta var samþykkt á fundi borgarstjórnar á þriðjudaginn. Um er að ræða skipti á fulltrúum sem meirihlutinn í borgarstjórn tilnefnir. **– gar**

# Skiptar skoðanir og ósætti í stjórnarliðinu

Vigdís Hauksdóttir er óánægð með að hafa ekki fengið ráðherraembætti. Hún segir forystu flokksins nú hafa gengið fram hjá sér í annað sinn. Unnur Brá Konráðsdóttir segir niðurstöðu liggja fyrir þótt hún væri til í kosningar.

**STJÓRNMÁL** Ekki var einhugur meðal þingmanna Sjálfstæðisflokksins um tillöguna. Ekki var kosið um tillöguna heldur var hún tilkynnt þingmönnum. „Það voru bara allir kostir slæmir í þessari stöðu, þetta var tillaga formanns og ákvörðun hans. Tíminn verður að leiða það í ljós hversu vel þetta gengur,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir um málið.

Um ákvörðunina að halda kosningar í haust segir hún: „Ég sé ekkert að því að hafa kosningar sem fyrst ef þetta er niðurstaða flokksins.“

Guðlaugur Þór segir að þrátt fyrir skiptar skoðanir þá styðji þingflokkurinn ákvörðun Bjarna. „Við fólum Bjarna það að klára þetta mál sem hann og gerði með Sigurði Inga. Hann hafði ekki til þess mikinn tíma og þetta er niðurstaðan og við styðjum Bjarna í því.“ Spurður um hvort hann sé ósáttur við að Framsókn hafi haldið forsætisráðherrastólnum segir hann að nú sé mjög erfitt að fara í nýja stjórnarmyndun og skipta á ráðuneytum.

Guðlaugur Þór segir þó Sjálfstæðisflokkinn alltaf til í kosningar.

Vigdís Hauksdóttir þingmaður Framsóknar og formaður fjárlaganefndar segist sátt við Lilju Alfreðsdóttur í ráðherraembætti. Hún segist hins vegar sár yfir því að það hafi verið gengið fram hjá henni í annað sinn. „Ég er afar sátt við Lilju, þetta er fær kona. En forysta flokksins finnst mér hafa gengið fram hjá mér í annað sinn,“ sagði Vigdís skömmu eftir blaðamannafund í Alþingishúsinu. Hún segist að öðru leyti við starf sitt sem formaður fjárlaganefndar.

Ákvörðun um að skipa Lilju í embætti kom nokkuð á óvart en því hafði verið spáð að Ásmundur Einar Daðason myndi taka við landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu af Sigurði Inga. Höskuldur Þór Þórhallsson þingmaður Framsóknar gerði mikinn usla í Alþingishúsinu þegar hann greindi fjölmiðlamönnum frá niðurstöðu fundar þingflokks Framsóknarflokksins. Uppákoman var hin fjörlegasta en hann trúði því að Sigmundur Davíð hefði greint frá niðurstöðu þegar hann gekk af fundi skömmu áður.

Höskuldur hafði áður staðið einn á móti tillögu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar fráfarandi forsætisráðherra á þriðjudag um að Sigurður Ingi Jóhannsson verðandi forsætisráðherra færi í það embætti. Þegar Sigmundur Davíð lætur af embætti forsætisráðherra er enginn ráðherra í sterkasta vígi Framsóknarflokks í Norðausturkjördæminu en Höskuldur Þór er annar þingmaður í því kjördæmi á eftir Sigmundi Davíð.

**kristjanabjorg@frettabladid.is, saeunn@frettabladid.is**



**Sár út í forystu Framsóknarflokksins. Vigdís Hauksdóttir segist þó sátt við Lilju Alfreðsdóttur í embætti, hún sé afar fær.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég er afar sátt við Lilju, þetta er fær kona. En forysta flokksins finnst mér hafa gengið fram hjá mér í annað sinn.
>
> Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks og formaður fjárlaganefndar



RENAULT
Passion for life

# CLIO LIMITED

## GLÆSILEGUR BÍLL, GÓÐUR DÍLL




TAKMARKAÐ MAGN

## MEÐ 300.000 KR. AUKAPAKKA

Glerþak · 16" álfelgur · Bakkskynjarar
Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu · Lykillaust aðgengi
Dynamic útlitspakki · Svartir speglar með háglans lakki

**Verð: 2.590.000 kr.**
**CLIO 90 TCe**
Bensín, beinskiptur
**Eyðsla 4,6 l/100 km***

**Bílalán 39.745 kr. á mán.**
**m.v. 10% innborgun.****

**Verð: 2.990.000 kr.**
**CLIO 1,5d**
Dísil, sjálfskiptur
**Eyðsla 3,8 l/100 km***

**Bílalán 45.863 kr. á mán.**
**m.v. 10% innborgun.****

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,39%.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM74553

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Kynntu hálfkarað ríkisstjórnarsamstarf

**Ný ríkisstjórn undir forsæti Sigurðar Inga Jóhannssonar tekur við völdum í dag. Ráðherralið Sjálfstæðisflokks óbreytt – Framsókn tekur inn utanþingsráðherra við lítinn fögnuð. Samstarfið á grundvelli sömu verkaskiptingar. Kosningar boðaðar í haust.**


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is




**STJÓRNMÁL** Eftir dag illa falinna leynifunda, óvissu og eftirvæntingar var það tilkynnt af Sigurði Inga Jóhannssyni, varaformanni Framsóknarflokksins, og Bjarna Benediktssyni, fjármálaráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, í Alþingishúsinu í gærkvöldi að ný ríkisstjórn hefði verið mynduð á grunni ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sem sprakk á þriðjudag eftir kostulega framvindu atburða.

Í stól forsætisráðherra sest Sigurður Ingi en ráðherralið nýrrar ríkisstjórnar er það sama og forrennara hennar að öðru leyti að kalla, og verkum er skipt með sama hætti. Enn er „óljóst“ hver mannar sæti Sigurðar Inga í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu – þó Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hafi reyndar fyrir hrein mistök gefið það uppi að Lilja Alfreðsdóttir, ráðgjafi Sigmundar Davíðs í efnahagsmálum, muni koma inn ríkisstjórnina sem utanþingsráðherra. Það var samþykkt í þingflokki Framsóknar að tillögu Sigmundar Davíðs að sögn Sigurðar Inga sem lagði á það áherslu á blaðamannafundinum á tíunda tímanum að honum yrði ekki stýrt „úr aftursætinu“, eins og fjöldi blaðamanna spurði um.

Heimildir Fréttablaðsins herma að engin sátt sé um ráðherraskipan Framsóknarflokksins, en hún mun ekki liggja fyrir fyrr en í dag. Hér á síðum blaðsins staðfestir Vigdís Hauksdóttir, þingkona Framsóknar, að hún er ekki sátt með að gengið hafi verið framhjá henni í annað sinn. Eins virðist þingflokkurinn ekki hafa tekið undir hugmyndir um að Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður þeirra, fengi stól Sigurðar Inga, eins og margir höfðu reyndar búist við.

Oddvitar stjórnarflokkanna funduðu með formönnum stjórnarandstöðuflokkanna áður en niðurstaðan var kynnt. Þeir lýstu því allir sem einn að fundi loknum að ekkert hefði komið þar fram sem breytti þeirri skoðun þeirra að ný ríkisstjórn væri andvana fædd – og við fyrsta tækifæri yrði lögð fram áður fyrirhuguð vantrauststillaga stjórnarandstöðunnar. Bjarni sagði að tillagan yrði felld með 38 atkvæðum – þeim styrka þingmeirihluta sem ný stjórn byggði á. Hann hafnaði því jafnframt að upplausnarástand ríkti í samfélaginu, og engum duldist að hann snöggreiddist við spurningar fjölmiðlamanna um verkefni og umboð nýrrar ríkisstjórnar.

Sigurður Ingi og Bjarni sögðu aðspurðir að byggt verði áfram á málefnaskrá fyrri ríkisstjórnar, enda ljóst af öllu að þeir líta svo á að hún hafi fengið framhaldslíf. Mörg mál séu þegar afgreidd en kraftarnir nýttir til að aflétta gjaldeyrishöftum, húsnæðismálin yrðu kláruð sem og að heilbrigðismál yrðu í brennidepli. Í máli ráðherranna kom fram að afnám gjaldeyrishafta væri stærsta þingmálið sem ætti eftir að afgreiða en það kæmi inn í þingið eftir tvær til þrjár vikur.

Fyrir tölu Sigurðar Inga og Bjarna sló fjöldi mótmælenda taktinn á Austurvelli með þá megin kröfu á vörunum að þing skyldi rofið og boðað til kosninga eins fljótt og verða mætti. Þeirri kröfu er „svarað“ með því að kosið verður til Alþingis í haust – heilum þingvetri fyrr en til stóð. Hvenær það verður var hins vegar ekki gefið upp, og var á Sigurði Inga og Bjarna að skilja að framgangur stórra mála sem ætlunin er að klára muni stýra því.

„Við ætlum að stíga viðbótarskref til að virkja lýðræðið og koma til móts við stöðuna sem hefur myndast. Við hyggjumst stefna að því að stytta kjörtímabilið um eitt löggjafarþing og halda kosningar í haust. Nákvæm dagsetning veltur á framvindu þingmála,“ sagði Bjarni.

Ríkisstjórn Sigurðar Inga hefur störf sín í miklum mótbyr. Afdráttarlausar efasemdir þjóðarinnar um þróun mála birtust í gærmorgun, alla vega ef marka má niðurstöður skoðanakannana sem þá birtust og almannaróm.

Boðað hefur verið til ríkisráðsfundar í hádeginu á morgun. Á þeim fyrri mun Sigmundur Davíð, biðjast lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína. Á öðrum fundi ríkisráðs mun ný stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, fyrsta ráðuneyti Sigurðar Inga Jóhannssonar, taka við völdum.



Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknar, hélt að búið væri að segja fjölmiðlamönnum frá niðurstöðu af fundi þingflokks Framsóknar þegar hann rölti niður stigann á Alþingi. Kynnti hann stóru línurnar í endurnýjuðu stjórnarsamstarfi fyrir alþjóð áður en oddvitar stjórnarflokkanna gerðu það sama nokkru síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það sem er mikilvægast er að ríkisstjórnin heldur áfram að vinna að þeim glæsilegu, stóru verkefnum sem við höfum unnið að.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson, verðandi forsætisráðherra



> **Stjórnarandstaðan er í rusli og engin flokkanna er að mælast vel. Það er einn flokkur sem mælist vel tímabundið.**
>
> Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra



## Hver er nýi ráðherrann sem er á leið inn í ríkisstjórn?

Lilja D. Alfreðsdóttir er með meistaragráðu í alþjóðahagfræði frá Columbia-háskólanum í New York og hefur undanfarin ár verið aðstoðarframkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra og alþjóðasamskipta í Seðlabanka Íslands en var tímabundið verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu 2014-2015.

Þar áður starfaði hún hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) í Washington D.C. sem fulltrúi Íslands á skrifstofu sjóðsins sem fer með málefni kjördæmis Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Hún hefur verið flokksbundin framsóknarmaður um árabil og er dóttir Alfreðs Þorsteinssonar fyrrum borgarfulltrúa flokksins og hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Hún var í sérfræðingahópi forsætisráðherra um skuldaleiðréttingu og vann jafnframt náið með framkvæmdahópi um afnám gjaldeyrishafta.

Hún er mjög handgengin og náin Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og speglast það vel í þeirri staðreynd að henni var treyst fyrir áðurnefndum trúnaðarstörfum.

Lilja hefur unnið náið með Má Guðmundssyni seðlabankastjóra í Seðlabankanum og nýtur virðingar þvert á flokka. Hún á vini í mörgum stjórnmálaflokkum og þykir röggsöm og klárar þau verkefni sem henni er treyst fyrir.

Lilja er gift Magnúsi Óskari Hafsteinssyni, hagfræðingi í fjármálaráðuneytinu, og eiga þau tvö börn. – þþ



Lilja Dögg Alfreðsdóttir á blaðamannafundi í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# NÝR PRIUS
## NÝ KYNSLÓÐ

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY




**Verð frá: 4.590.000 kr.**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

Prius var fyrsta stjarnan í hybrid-sólkerfi Toyota og nú er komin ný kynslóð. Nýr Prius færir þér sem fyrr hljóðláta sparneytni í akstri án þess að gefa nokkuð eftir í krafti og glæsileika. Komdu og kynntu þér flaggskip hybrid-stjörnuflotans hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota um land allt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.




## Enginn við stýrið



Á sérstakri kynningu í San Sebastian á Norður-Spáni, þokaðist í gær lítil rúta ökumannslaus eftir götunni. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins valdi borgina til að prófa sjálfakandi strætisvagna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þjóðinni boðið upp á „framlengt dauðastríð“

**Stjórnarandstöðunni misbýður tillagan um að flokkarnir ætli að sitja til haustsins. Vantrauststillaga þegar lögð fram og rík krafa um kosningar í vor. Ný ríkisstjórn ætlar sér að sitja fram á haust og stytta kjörtímabilið um einn vetur.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan mun ekki una niðurstöðu stjórnarflokkanna og hefur þegar lagt fram vantrauststillögu á fyrsta ráðuneyti Sigurðar Inga Jóhannssonar. Árni Páll Árnason segir þjóðina þurfa að horfa upp á dauðastríð ríkisstjórnarinnar og Helgi Hrafn Gunnarsson segir stjórnarflokkana ekki hlusta á ákall þjóðarinnar.

„Að sjálfsögðu ekki,“ segir Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG, þegar hún er spurð hvort útspil stjórnarflokkanna nægi til að lægja öldurnar í þjóðfélaginu. „Það liggur fyrir að þessir flokkar eru að mislesa í stöðuna. Hún er grafalvarleg og þeir hafa ekkert umboð til að mynda ríkisstjórn í sínu nafni. Það er engin spurning að minnihlutinn er klár, samheldinn og tilbúinn til að ræða vantraust.“

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, var harðorður í garð núverandi stjórnarflokka á þinginu í gærkveldi. „Þetta er bara dauðastríð þessara tveggja flokka, þeir geta ekki mannað ráðherrastóla, flokkur með innan við átta prósenta fylgi í könnunum er að taka við forsætisráðuneytinu og Sjálfstæðisflokkurinn er svo laskaður að Bjarni hefur ekki afl til að fara í forsætisráðuneytið. Það er ótrúlegt að þessir menn vilji bjóða þjóðinni upp á að framlengja þetta dauðastríð.“

> **Þetta kemur ekki á óvart, fyrsta tilfinning mín er að þetta sé redding og við eigum eftir að sjá hvernig þetta fer allt saman.**
>
> Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar



Helgi Hrafn Gunnarsson gagnrýndi þau orð Bjarna Benediktssonar að stjórnarandstaðan væri í rusli. Núverandi ríkisstjórnarflokkar kæmu sjálfir stórlaskaðir út úr þeim darraðardansi sem einkennt hefur stjórnmálaástandið. „Áhugavert að menn hafi tekið þetta langan tíma í niðurstöðu sem er lítið sem ekki neitt. Þetta virðist vera það sama, þeir halda í hvert hálmstrá til að halda völdum og þetta er ekki í takt við ákall þjóðarinnar um kosningar.“

Þingfundur verður haldinn klukkan hálf ellefu í dag og mun stjórnarandstaðan mæta samheldin til fundar með nýja vantrauststillögu í pokahorninu. Óttarr Proppé, formaður Bjartrar Framtíðar, er hugsi yfir stöðunni. „Þetta kemur ekki á óvart, fyrsta tilfinning mín er að þetta sé redding og við eigum eftir að sjá hvernig þetta fer allt saman,“ segir Óttarr.

sveinn@frettabladid.is

# AFSLÁTTAR SPRENGJA
## Á MIÐNÆTUROPNUN KRINGLUNNAR
7.APRÍL EINGÖNGU Í KRINGLUNNI OG NETVERSLUN



**TAX FREE**
**SNYRTIVÖRU DAGUR**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**20%** AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM

**15%** AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRILLUM OG GRILL-AUKAHLUTUM

**20%** AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM

*Frábært verð!*

40" 84.995kr
50" 104.995kr
55" 124.995kr



### THOMSON ULTRA SMART WIFI SJÓNVÖRP

- ULTRA HD 4K 3840 X 2160 SMART TV
- PURE IMAGE ULTRA HD
- 400HZ CLEAR MOTION INDEX
- QUAD-CORE
- ÞRÁÐLAUST NET WI-FI
- OPIN VAFRI
- DLNA, MIRACAST
- 2 X 10W HÁTALARAR
- STAFRÆNN MÓTTAKARI DVB-T2/C/S2
- INNBYGGÐUR GERVIHNATTAMÓTTAKARI
- 4 X HDMI(MHL), SCART, COMPONENT, COMPOSITE, OPTICAL ÚT
- HEYRNATÓLATENGI, 3 X USB
- SÉRSTÖK HÓTELSTILLING
- PASSAR Á VOGELS 200X200 / 400X400 FESTINGAR
- ÞYNGD 9,6 KG – 17,8 KG – 21,8 KG.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Segir fólk ekki eiga rétt á að sjá gögnin

Um er að ræða gagnastuld, en ekki gagnaleka hjá Mossack Fonseca í Panama, áréttar borgarskjalavörður. Segist í prinsippi á móti því að farið sé í gögn með ólöglegum hætti. Ekki liggur fyrir hvaða hugbúnað lögmannsstofan notaði til að halda utan um og vista gögn sín.

**SKJALAVARSLA** „Skjalavörður hlýtur alltaf í prinsippinu að vera á móti því að verið sé að fara með ólögmætum hætti inn í svona gagnasöfn," segir Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður um gagnalekann frá Mossack Fonseca í Panama.

„Slíkir gagnalekar eru brot á trúnaði og gagnavernd og andstæða baráttu fyrir gegnsæi í þjóðfélögum, meðal annars hjá opinberum aðilum á Íslandi og annars staðar," segir í færslu sem Svanhildur ritar á Facebook-síðu Borgarskjalasafans.

„Af því þetta er ekki gagnaleki, þetta er gagnastuldur," segir hún. Svanhildur segist þó ekki vera að taka neina afstöðu til gagnanna sjálfra og upplýsinganna sem koma fram í þeim.

Bent er á að fram hafi komið að 11,5 milljónum skjala hafi verið lekið til fjölmiðla. „Á Íslandi eru það upplýsingalög sem eiga að tryggja



Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur er skjalavarsla Mossack Fonseca í Panama sögð áhugaverð. Ekki liggur fyrir hvaða hugbúnaður var notaður þar. NORDICPHOTOS/AFP

> Pananamaskjölin er ekki eitthvað sem almenningur á rétt á að skoða, þetta er um einkamálefni einstaklinga og fyrirtækja.


Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður

gegnsæi í opinberri stjórnsýslu með því að ákveða aðgang og birtingu upplýsinga," segir í færslu Borgarskjalasafnsins.

„Pananama-skjölin er ekki eitthvað sem almenningur á rétt á að skoða, þetta er um einkamálefni einstaklinga og fyrirtækja," segir Svanhildur. Fremur ætti að efla samstarf og upplýsingaskipti milli skattayfirvalda.

„Slíkir gagnalekar eru brot á trúnaði og gagnavernd og andstæða baráttu fyrir gegnsæi í þjóðfélögum, meðal annars hjá opinberum aðilum á Íslandi og annars staðar," Þá segir að „óbein umræða" um skjalavörslu Mossack Fonseca hafi vakið athygli skjalavarða. „Fram hefur komið að það hafi auðveldað vinnu blaðamanna að skjalavarsla fyrirtækisins var mjög skipulögð og hafði hver viðskiptavinur sína möppu sem gat verið frá nokkrum skjölum og upp í 3.000 skjöl," segir Borgarskalasafnið sem kveður Mossack Fonseca virðast hafa talað fyrir pappírslausri skjalavörslu.

„Ekki hefur komið fram hvaða hugbúnaður hefur verið notaður hjá Mossack Fonseca við að halda utan um skjöl sín með skipulögðum hætti. Áhugavert væri að heyra meira um þessa hlið málsins."

ingvar@frettabladid, gar@frettabladid.is


Fundur Samtaka sparifjáreigenda og Landssamtaka lífeyrissjóða

Hvað er betra í dag en í gær?

Hvað hefur reynslan kennt okkur og hvernig erum við að nýta okkur þann lærdóm? Höfum við gert þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að mæta mjúklega næstu niðursveiflu eða er enn verk að vinna?

Frummælendur:

**Loftur Ólafsson**, *forstöðumaður eignastýringar hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum*, flytur erindi undir yfirskriftinni *Fjárfestingar og lærdómur.*

**Bolli Héðinsson**, *hagfræðingur og formaður Samtaka sparifjáreigenda*, flytur erindi um þau *úrræði sem fjárfestar mögulega hafa til að sporna við endurteknum ofurlaunum og kaupaukum.*

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, *áhættustjóri hjá Stapa lífeyrissjóði*, flytur erindið: *Svo lengi lærir sem lifir – Breytingar í verklagi við fjárfestingar og eftirfylgni hjá lífeyrissjóðum.*

Fundarstjóri er **Svana Helen Björnsdóttir**, *framkvæmdastjóri Stika og stjórnarmaður hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.*

Dagsetning: þriðjudaginn 12. apríl kl. 11:45 – 13:00 • Staðsetning: Setrið á Grand Hótel
Tilkynna ber þátttöku fyrir 9. apríl á netfangið radstefna@ll.is

Samtök sparifjáreigenda
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 563 6450 • ll.is



Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, tók á móti hópi flóttafólks í Hafnarborg í Hafnarfirði seinnipartinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Komnar eru fjórar sýrlenskar fjölskyldur

**FLÓTTAMENN** Á annan tug flóttamanna frá Sýrlandi kom hingað til lands í gær.

Velferðarráðuneytið stóð síðdegis í gær fyrir formlegri móttöku í Hafnarborg í Hafnarfirði, um svipað leyti og mótmæli fóru fram á Austurvelli.

Um er að ræða fjórar fjölskyldur. Þrjár þeirra flytja til Hafnarfjarðar og ein í Kópavog.

Fjölskyldurnar koma hingað til lands frá Líbanon þar sem þær hafa beðið eftir heimild til þess að yfirgefa landið.

Flutningurinn er skipulagður af alþjóðlegu flóttamannanefndinni.

Um er að ræða fimm fjölskyldur, níu fullorðna og ellefu börn, og er fólkið á öllum aldri.

Fyrsti hópur sýrlenskra flóttamanna kom til landsins í janúar. Það voru sex fjölskyldur, þar af 13 fullorðnir og 22 börn.

Þegar seinni hópurinn kemur til landsins mun Ísland hafa tekið á móti 50 flóttamönnum frá Sýrlandi. – kbg

> **50** flóttamenn frá Sýrlandi hafa fengið hér hæli nú þegar tekið hefur verið á móti seinni hópi flóttafólks.




Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 190 hestöflum og 420 Nm togi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lægsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og rafdrifinni opnun á afturhlera, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance Sensus Connect hljómtækjum með 7“ skjá, internettengingu og DVD spilara. Volvo XC60 Executive kemur á 18“ Leda álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Aðgengi og ræsing er lyklalaust. Bíllinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi (City Safety). Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 5,7 l/100 km og $CO_2$ losun er 149 g/km. Volvo XC60 er einnig fáanlegur beinskiptur frá 7.580.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Angelo Uijleman á yfir höfði sér nokkurra ára fangelsi fyrir innflutning á hörðum fikniefnum með Norrænu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ákæra Hollending sem var handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að ákæra í stóra Norrænusmyglmálinu sem kom upp í september á síðasta ári. Tveir Hollendingar og tveir Íslendingar eru ákærðir.

Málið hefur vakið athygli því einn hinna ákærðu, hinn hollenski Angelo Uijleman, er greindarskertur. Hann sat í einangrun á Litla-Hrauni í átta vikur en sú vist var harðlega gagnrýnd vegna andlegrar fötlunar hans. Þá hafði fjölskylda Angelos ekki verið látin vita af handtöku hans fyrst um sinn og móðir hans látið lýsa eftir honum á netinu.

Angelo kom fram í viðtali í Fréttablaðinu á aðfangadag en þá sætti hann farbanni og dvaldi á gistiheimili í Reykjavík.

Eins og áður segir eru fjórir ákærðir í málinu. Ákæran snýr að skipulagningu fíkniefnainnflutnings og smygli á ríflega tuttugu kílóum af sterkum fikniefnum. – snæ



Umfjöllun nokkurra helstu blaða í Noregi í gær.

# Mótmæli skipulögð í Ósló

**NOREGUR** Félag Íslendinga í Noregi ákvað í gær að skipuleggja mótmæli í Ósló í dag.

Forsíður nærri allra norsku blaðanna voru undirlagðar fréttum af upplausn í íslenskum stjórnmálum og samfélagi í kjölfar leka Panama-skjalanna.

Í Aftenposten var ítarleg greining á stöðunni sem og í Dagsavisen og VG. Aftenposten biður lesendur sína einnig um ábendingar er tengjast leka Panama-skjalanna. – kbg

# Hagnaður Guðmundar Tyrfingssonar nær þrefaldast

**VIÐSKIPTI** Hagnaður ferðaskrifstofunnar og rútufyrirtækisins Guðmundar Tyrfingssonar nær þrefaldaðist milli ára, var 23,5 milljónir á síðasta ári en 8,3 milljónir árið 2014.

Í samandregnum ársreikningi félagsins kemur fram að rekstrarhagnaður hafi numið 67,8 milljónum króna árið 2015 miðað við 55,6 milljónir árið 2014. Þá námu afskriftir 32,3 milljónum króna miðað við 41,8 milljónir árið 2014.

Rekstrarhagnaður nam 35,5 milljónum en 13,8 milljónum árið 2014.

Fjármunatekjur voru neikvæðar um 4,8 milljónir sem er aukning um 3,3 milljónir milli ára.

Eignir félagsins nema 542 milljónum og aukast um 44 milljónir milli ára.

Þar af eru bifreiðar bókfærðar á 133,5 milljónir, eignarhlutir í öðrum félögum á 40 milljónir og skammtímakröfur á 331,8 milljónir króna, sem er aukning um ríflega 60 milljónir milli ára.

Eigið fé félagsins nemur 265 milljónum króna og eykst um 12 milljónir króna milli ára.

Þá aukast skuldir jafnfram um tæpar 32 milljónir króna og námu 277 milljónum króna. 11,5 milljónir voru greiddar í arð á síðasta ári. – ih



Helena Herborg Guðmundsdóttir, markaðsstjóri og einn eigenda Guðmundar Tyrfingssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jarðstrengir sífellt nærtækari í samanburði við loftlínur

**Forstjóri Landsnets bendir á að jarðstrengir fyrir háspennu gætu keppt við loftlínur í verði á næstu árum. Jákvætt vegna umhverfis- og öryggismála. Landsnet greiðir arð í fyrsta skipti eftir gott rekstrarár.**

**ORKUMÁL** Sá tími gæti verið að nálgast að jarðstrengir fyrir háspennu verði samkeppnishæfir við loftlínur í verði. Framkvæmdakostnaður við lagningu strengja á lægri spennu hefur lækkað umtalsvert sem gefur slík fyrirheit.

Þetta kom fram í máli Guðmundar Inga Ásmundssonar, forstjóra Landsnets, á vorfundi fyrirtækisins á þriðjudag.

Guðmundur vék að því að Landsnet stóð að rannsóknarverkefni um jarðstrengi í samstarfi við sérfræðinga, og niðurstaðan var sú að áætlanir um kostnað við að leggja jarðstrengi á lægri spennu voru endurskoðaðar – og á það bæði við um jarðstrengi á 66 kV spennu og 132 kV spennu [háspenna í kerfi Landsnets er á 22kV spennu].

Árið 2015 lagði Landsnet um 50 kílómetra jarðstrengja á 66 kV og 132 kV spennu og raunkostnaður reyndist lægri og í samræmi við áætlanir, en Landsnet hefur jafnframt tekið niður umtalsvert af loftlínum á undanförnum árum á sama tíma og jarðstrengir hafa verið lagðir.

„Þessi niðurstaða eykur samkeppnishæfni jarðstrengjanna, sem mun væntanlega gilda á öllum spennustigum. Þetta er mjög jákvæð þróun því það er ekki aðeins af umhverfisástæðum sem við notum jarðstrengi heldur einnig af öryggisástæðum,“ sagði Guðmundur.

Íerindi sínu vék Guðmundur að nauðsyn þess að styrkja flutningskerfið, nokkuð sem mjög hefur verið til umræðu á síðustu árum og óumdeilt er að er nauðsynlegt – það eru hins vegar leiðirnar til þess sem eru umdeildar. Hann benti á að á síðastliðnum þremur árum hefði varaaflskeyrsla tífaldast og að skerðing á afhendingu raforku til notenda á ótryggum flutningi hefði fjórfaldast.

Á meðal þeirra sem þetta bitnaði á væru fiskimjölsverksmiðjur sem hefði skipt úr jarðefnaeldsneyti yfir í rafmagn til vinnslunnar, iðnfyrirtæki og heimili.

Í dag væru tveir skýrir kostir; hálendisleið, umdeild háspennulína yfir Sprengisand, eða byggðaleið. Guðmundur sagði hugsanlegt að minni umhverfisáhrif yrðu af fyrrnefnda kostinum. Eftir að lokið var við byggingu byggðalínunnar árið 1984, tólf árum eftir að hún hófst, hefur raforkunotkun á Íslandi meira en fjórfaldast.

svavar@frettabladid.is



Uppbygging flutningskerfis raforku verður sífellt meira aðkallandi. MYND/LANDSNET

## Landsnet greiðir arð í fyrsta sinn

- Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets, sagði frá því að fyrirtækið skilaði fjögurra milljarða króna hagnaði á síðasta rekstrarári, sem er besta afkoma frá stofnun Landsnets.
- Á þeim grunni sé stefnt á að greiddur verði 400 milljóna króna arður til eigenda og er það í fyrsta sinn sem félagið greiðir arð.
- Áætlanir gera ráð fyrir því að fjárfestingar fyrirtækisins á tímabilinu 2016 til 2020 verði að meðaltali um tíu milljarðar króna – sem er miklum mun meira en á árunum eftir frá hruni til 2015.

> **Þetta er mjög jákvæð þróun því það er ekki aðeins af umhverfisástæðum sem við notum jarðstrengi heldur einnig af öryggisástæðum.**
>
> Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets

# Foreldrar ósáttir við lokun kristilegs hverfisleikskóla á Akureyri

**AKUREYRI** Foreldrar barna á leikskólanum Hlíðabóli á Akureyri eru ósáttir við þá ákvörðun bæjaryfirvalda að loka leikskólanum sumarið 2017. Vilja þeir halda í hverfisleikskólann sinn. Leikskólinn er rekinn af Hvítasunnusöfnuðinum á Akureyri.

Foreldrar efndu til fundar með yfirmönnum skóladeildar í kirkju Hvítasunnusafnaðarins, sem er í sömu byggingu og leikskólinn, síðastliðinn fimmtudag og var nokkur hiti í fólki. Skorað var á bæjaryfirvöld að endurskoða ákvörðun sína um að loka eina leikskólanum í bænum sem lætur börnin fara með bænir og er með kristilegt starf innan skólans. Nefndi eitt foreldri á fundinum að nú væri verið að taka af þeim eina kristilega skólann og senda börnin í aðra skóla þar sem væri kennt jóga sem væri hindúísmi og andstætt kristinni trú.

„Leikskólinn er okkur mjög kær og erum við ánægð með þær áherslur sem eru áberandi á Hlíðabóli, svo sem tjáningu, skapandi starf ásamt kærleika og umburðarlyndi fyrir náunganum,“ segir í bréfi foreldra til Akureyrarkaupstaðar vegna lokunarinnar.

Alls eru 47 börn í leikskólanum og samkvæmt Akureyrarkaupstað myndu sparast um 70 milljónir króna við að loka þessum leikskóla. Nú gæfist mikilvægur tími til að finna þeim börnum sem væru á Hlíðabóli stað á öðrum leikskólum.

Á vef Hlíðabóls segir að kristilegt starf sé rauður þráður í starfi leikskólans. „Við þökkum Guði fyrir matinn, áður en við borðum, og biðjum hann um að varðveita og blessa foreldra okkar og aðra ástvini. Við syngjum sunnudagaskólasöngva í bland við aðra söngva og skoðum sögur úr Biblíunni ásamt öðrum sögum sem okkur finnst skemmtilegar. Einu sinni í viku förum við inn í kirkju þar sem við syngjum saman, heyrum um Jesú og aðrar trúarhetjur,“ segir í fræðslu um skólann.

Hvítasunnukirkjan hefur rekið leikskóla síðan 1988. Safnaðarhirðir kirkjunnar er Snorri Óskarsson, sem var sagt upp með ólögmætum hætti hjá Akureyrarbæ 2012. – sa



Fólk úr öðrum hverfum Akureyrar sækir í Hlíðaból vegna kristilegs starfs leikskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Logi Einarsson, formaður skólanefndar Akureyrar

# „Ég vil geta valið leiðirnar sem ég fer“

Með lögbundnum lífeyrissparnaði hjá Íslenska lífeyrissjóðnum geturðu valið ávöxtunarleið sem hentar þér og stjórnað því hvernig þú ráðstafar sparnaðinum eftir að þú hættir að vinna.
**landsbankinn.is/lifeyrissparnadur**



# Sanders og Cruz láta til sín taka í forvalinu um forsetaefnið


Bernie Sanders


Ted Cruz

**Baráttan er enn hörð milli Trumps og Cruz, og Clinton og Sanders, fyrir útnefningu til forsetakosninga. Forvali er lokið í meirihluta fylkja, enn eru eftir New York fylki og Kalifornía sem vega þungt.**

**BANDARÍKIN** Repúblikaninn Ted Cruz fór með sigur af hólmi í forkosningum sem fram fóru í Wisconsin á þriðjudagsnótt. Á sama tíma sigraði demókratinn Bernie Sanders, en hann hefur sigrað í sex af sjö síðustu ríkjum sem kosið hefur verið í. Svo virðist sem Hillary Clinton hafi ekki náð að sannfæra demókrata um styrk framboðs síns til forseta Bandaríkjanna, og er nú líklegra en áður að Trump muni eiga í erfiðleikum með að tryggja sér nægilegan fjölda kjörmanna til að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins.

Sigur Cruz er áfall fyrir Donald Trump sem hingað til hefur verið á sigurbraut. Trump þarf 1.237 kjörmenn til að hljóta tilnefningu Repúblikanaflokksins. Hann hefur nú þegar tryggt sér 743 kjörmenn. Þrír eru enn í framboði, hinir tveir, þeir Cruz og John Kasich, binda nú vonir við að enginn þeirra nái tilætluðum fjölda. Gerist það, verður útnefningin á komandi landsþingi í höndum leiðtoga flokksins en ekki kjósenda.

Ósigur Trumps kemur eftir erfiða viku þar sem hann dró til baka orð sín um að refsa ætti konum sem hefðu farið í fóstureyðingu ef lögbann yrði sett á fóstureyðingar.

Demókrataframbjóðendur þurfa 2.383 kjörmenn til að verða forsetaefni flokksins. Bernie Sanders og Hillary Clinton berjast hart um tilnefninguna. Þrátt fyrir sigur í Wisconsin, þar sem Sanders tryggði sér 47 kjörmenn en Clinton 36, nær Sanders lítið að saxa á forskotið sem Hillary hefur á hann. Hann hefur nú tryggt sér 1.027 kjörmenn, en hún 1.279. Jafnframt hefur Bernie tryggt sér 31 ofurkjörfulltrúa svokallaða, en Clinton 469.

Næstu kosningar í forvali beggja flokka fara fram í New York þann 19. apríl næstkomandi og eftir það fara fram kosningar í fimm ríkjum á austurströnd Bandaríkjanna þann 26. apríl. Clinton er spáð góðu gengi í þeim kosningum, en hún var öldungadeildarþingmaður fyrir New York-fylki á árunum 2001 til 2009. Síðustu forkosningar verða haldnar þann 14. júní næstkomandi.

Forkosningar hafa staðið frá því 1. febrúar síðastliðinn þegar þær hófust í Iowa. Flokkarnir tilnefna formlega frambjóðendur sína á flokksþingunum í júlí. Þá verður einnig ljóst hvert verður varaforsetaefni frambjóðandans. Hafi enginn frambjóðandi tryggt sér nægilega marga kjörmenn þegar kemur að flokksþinginu, verður frambjóðandi endanlega valinn á flokksþinginu. Slíkt hefur þó ekki gerst frá því á flokksþingi repúblikana árið 1976.

Flokksþing repúblikana fer að þessu sinni fram í Cleveland í Ohio dagana 18. til 21. júlí, en flokksþing demókrata í Philadelphiu í Pennsylvaníu 25. til 28. júlí. Þá verður ljóst hverjir munu etja kappi um að verða arftaki Baracks Obama í stóli forseta þann 20. janúar 2017.

saeunn@frettabladid.is

### Dagskrá forkosninga Repúblikana- og Demókrataflokksins

| Dagur | Ríki | Kjörmenn repúblikana | Kjörmenn demókrata |
|---|---|---|---|
| 9. apríl | Wyoming | | 18 |
| 19. apríl | New York | 95 | 291 |
| 26. apríl | Connecticut | 28 | 70 |
| | Delaware | 16 | 31 |
| | Maryland | 38 | 118 |
| | Pennsylvanía | 71 | 210 |
| | Rhode Island | 19 | 33 |
| 3. maí | Indiana | 57 | 92 |
| 7. maí | Gvam | | 12 |
| 10. maí | Nebraska | 36 | |
| | Vestur-Virginía | 37 | 34 |
| 17. maí | Kentucky | | 61 |
| | Oregon | 28 | 73 |
| 24. maí | Washington | 44 | |
| 4. júní | Bresku Jómfrúaeyjar | | 12 |
| 5. júní | Púertó Ríkó | | 67 |
| 7. júní | Kalifornía | 172 | 546 |
| | Montana | 27 | 27 |
| | New Jersey | 51 | 142 |
| | New Mexico | 24 | 43 |
| | Norður-Dakóta | | 23 |
| | Suður-Dakóta | 29 | 25 |
| 14. júní | District of Columbia | | 46 |

Heimild: US Presidential Election News


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




ŠKODA Rapid kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
2.940.000 kr.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

# HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT Í FJÖLSKYLDUSTÆRÐ

NÝJUNG
1 LÍTRA
UMBÚÐIR
BETRI KAUP




**Skólajógúrt** er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrík**, inniheldur **trefjar** og fæst núna einnig í stærri umbúðum.

**Veldu það sem hentar þinni fjölskyldu.**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Café Bleu
20% afsláttur af súpu dagsins, 30% afsláttur af fiski dagsins

Kaffitár
20% afsláttur af öllum drykkjum

Kringlukráin
25% afsláttur af pizzum, 30% afsláttur af Egils Gull

byggtogbúið Kringlunni
20% afsláttur af flestum vörum, 10–50% afsláttur af öðrum vörum

Joe & The Juice
15% afsláttur af matseðli

Kaffi Klassík
20% afsláttur af crépes

cobra
20% afsláttur af öllum vörum

Heilsuhúsið
20% afsláttur af snyrti- og húðvörum

DÝRABÆR
20% afsláttur af öllum vörum

Eirberg Lífstíll
20% afsláttur af öllum vörum

Ævintýraland
20% afsláttur af innritunargjaldi

COMPANYS
20% afsláttur af öllum vörum

URBAN
20% afsláttur af öllum vörum

kello
20% afsláttur af öllum vörum

Dunkin' Donuts
2 fyrir 1 af uppáhelltu kaffi

FINNSKA BÚÐIN
20% afsláttur af öllum vörum

rhodium
20% afsláttur af öllum vörum

LINDEX kids
20% afsláttur af öllum vörum

ZARA
50% afsláttur af völdum vörum

# SKEMMTI DAGSKRÁ

## FYRIR BÖRNIN

**17–20**
Trúðar, andlitsmálning og blöðrugerðarmenn í göngugötu

## DAGSKRÁ Í GÖNGUGÖTU








**20.30**
Sylvia Melsted

**21.30**
Jogvan og Friðrik Ómar

**23.00**
Glowie

**20–22**
Skemmtilegir leikir á Bíógangi
DJ Jón Gestur
Trúðar og skemmtikraftar á ferðinni
Snyrti- og hárvörukynningar
Léttar veitingar
Kaffi frá Kaffitári

Birt með fyrirvara um prent- og/eða innsláttarvillur.
FIPAR\TBWA • SÍA




FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# FRÁBÆR TILBOÐ
## YFIR 100 VERSLANA OG VEITINGASTAÐA

- **DOGMA** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **INDISKA** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Timberland** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **BIANCO FOOTWEAR** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **ZO•ON ICELAND** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **VERO MODA** – 15% afsláttur af öllum vörum
- **name it** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **SELECTED** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **JACK & JONES** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Spútnik** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **HAGKAUP – Ein ferð betra verð – SNYRTIVÖRUR** – TAX FREE af snyrtivörum
- **Brim** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **BOSS HUGO BOSS** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **MOTOR & MIA** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **VILA CLOTHES** – 15% afsláttur af öllum vörum
- **PANDORA** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **CINTAMANI** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **HAGKAUP – Ein ferð betra verð – 2. HÆÐ** – 20% afsláttur af fatnaði og leikföngum, 15% afsláttur af grillum
- **Jens** – 20% afsláttur af öllum gull skartgripum
- **ISLANDIA TOURIST SHOP** – 20% vildarafsláttur af öllum vörum
- **ENGLABÖRNIN – Falleg föt á stelpur og stráka...** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **herra GARÐURINN – klæðir þig vel** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **F&F** – 20% afsláttur af öllum fatnaði
- **SHARE womens wear** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **THE BODY SHOP** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **MÝRIN** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **NEON** – 20% afsláttur af öllum vörum, 30% afsláttur af skóm
- **Gleraugað** – 25% afsláttur af öllum vörum
- **66° NORÐUR** – 20% afsláttur af öllum peysum
- **iStore** – 10-50% afsláttur af öllum aukahlutum
- **Marc O'Polo** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN** – 20% afsláttur af öllum skóm
- **JOE BOXER** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **Ígló & Indí** – 25% afsláttur af öllum Ígló og Indí fatnaði
- **Lyf & heilsa** – 20-30% afsláttur af öllum vörum nema lyfjum og lausasölulyfjum
- **gs skór** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **vodafone** – 20% afsláttur af iPhone 6 og öllum aukahlutum í sömu kaupum
- **epal DESIGN** – 15% afsláttur af öllum vörum og önnur tilboð
- **Jón & Óskar** – 20% afsláttur af öllum vörum, 15% afsláttur af trúlofunarhringum
- **Galla Buxnabúðin** – 20% afsláttur af öllum vörum
- **hrím – www.hrim.is** – 15% afsláttur af öllum vörum, 20% afsláttur af íslenskri hönnun
- **SMASH** – 20% afsláttur af öllum vörum

Birt með fyrirvara um prent- og/eða innsláttarvillur.
PIPAR\TBWA • SÍA

# 10-60% AFSLÁTTUR

## Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| skór.is<br>20% afsláttur af öllum skóm | Dressmann<br>20% afsláttur af öllum vörum | GEYSIR<br>20% afsláttur af öllum Geysis-vörum | ÚTILÍF<br>20% afsláttur af öllum vörum, 50% kynningarafsláttur af New Balance skóm | POLARN O. PYRET<br>20% afsláttur ef keyptar eru tvær vörur | prooptik gleraugu<br>25% afsláttur af öllum vörum |
| LINDEX<br>20% afsláttur af öllum vörum | Kaupfélagið<br>20% afsláttur af öllum skóm | INGLOT<br>20% afsláttur af öllum vörum | Leonard<br>20% afsláttur af öllum vörum | Kultur<br>20% afsláttur af öllum vörum | Kultur menn<br>20% afsláttur af öllum vörum |
| Penninn Eymundsson<br>20% vildarafsláttur af öllum vörum | ecco<br>20% afsláttur af öllum skóm | BEAUTY BAR<br>20% afsláttur af öllum vörum | A4<br>TAX FREE af öllum vörum | galleri sautján<br>20% afsláttur af öllum vörum | Casa<br>20% afsláttur af völdum vörum |
| iittala<br>15-20% afsláttur af öllum vörum | ORG<br>20% afsláttur af öllum vörum | focus<br>20% afsláttur af öllum vörum | meba<br>20% afsláttur af öllum vörum | KÚNÍGÚND<br>20% afsláttur af flestum vörum | SKECHERS<br>20% afsláttur af öllum skóm |
| ZIK ZAK tískuhús<br>20-60% afsláttur af völdum vörum | Síminn<br>20.000 kr. afsláttur af iPhone 6S 16GB | augað<br>25% afsláttur af öllum vörum | MARKAÐSTORG KRINGLUNNAR<br>50% afsláttur af öllum vörum | WAREHOUSE<br>25% afsláttur af öllum vörum, 50% afsláttur af völdum vörum | TOPSHOP<br>20% afsláttur af öllum vörum, 50% afsláttur af völdum vörum |
| KAREN MILLEN<br>20% afsláttur af öllum vörum, 50% afsláttur af völdum vörum | SIX<br>3 fyrir 2 af öllum vörum | I am<br>3 fyrir 2 af öllum vörum | MAC<br>TAX FREE afsláttur | Levi's<br>30% afsláttur af skyrtum og bolum, 20% afsláttur af buxum | MICHELSEN úrsmiðir<br>20% afsláttur af skarti, 20-40% afsláttur af völdum merkjum |
| TIMBUK2<br>25% afsláttur af öllum vörum | DÚKA<br>20% afsláttur af öllum vörum | JÚNÍK<br>20% afsláttur af öllum fatnaði | MARTA JÓNSSON<br>20% afsláttur af öllum vörum, 20% auka-afsláttur af útsöluvörum | next<br>20% afsláttur af öllum vörum | Mathilda Kringlunni<br>20% afsláttur af öllum vörum |

Kringlan

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# NEYTENDUR

## Ráð
**Þrif**



### Edikblanda á gluggarúður

Nú fer að sjást betur og betur hversu gluggarúðurnar eru óhreinar eftir veturinn. Ráðin til að þrífa þær eru margvísleg.

Sumir kjósa að setja nokkra dropa af uppþvottalegi í fötu með volgu vatni og þvo rúðurnar með blöndunni. Nota má gluggasköfu við verkið. Vatnsrendur nást best af með þurri tusku, gjarnan trefjaklút fyrir gluggarúður.

Aðrir kjósa að blanda hvítvínsediki í volgt vatn og þvo rúðurnar upp úr slíkri blöndu. Rúðurnar eru þurrkaðar með svampi og síðan samankrulluðum dagblaðapappír.

Enn aðrir blanda bæði ediki og uppþvottalegi í heitt vatn og þvo rúðurnar upp úr blöndunni.

Glugga að utan er best að þvo þegar ekki er sólskin, því annars þornar glerið of hratt og kám og taumar sitja eftir.

## App
**Runkeeper**

### Ókeypis hvatning til að koma sér af stað

Runkeeper er ókeypis leið til að hvetja þig til hreyfingar. Í appinu er hægt að skrá hvort sem það eru hlaup, sund, lyftingar, göngur eða eitthvað annað. Hægt er að setja sér markmið og fylgjast með hreyfingu vina. Appið hvetur mann til hreyfinga nokkrum sinnum í viku með því að senda manni skilaboð.

# Helmingi ódýrara að kaupa hlaupaskó á netinu en í búð

Hættan á meiðslum eykst í hvert skipti sem skipt er um merki og módel, að sögn sérfræðinga.

Ef þú ert ánægð/ur með hlaupaskóna þína og ert ekki með meiðsl ættirðu næst að kaupa hlaupaskó frá sama framleiðanda og af sömu tegund og þú keyptir síðast. Þannig sparar þú bæði peninga og minnkar líkurnar á skaða. Þetta neytendaráð má lesa á vef danska ríkisútvarpsins.

Bent er á að á vefsíðunni RunRepeat.com, þar sem safnað er upplýsingum notenda um hlaupaskó og verð á skóm, sé greint frá því að neytendur geti sparað 38 prósent að meðaltali með því að kaupa hlaupaskó á netinu og 19 prósent til viðbótar kaupi þeir tegund frá árinu áður. Borin voru saman 183.911 verðdæmi á bandaríska markaðnum.

Haft er eftir aðstandanda síðunnar, Jens Jakob Andersen, að markmiðið með rannsókninni sé að upplýsa neytendur um þá möguleika sem til eru þegar kaupa á hlaupaskó. Hann segist ekki þeirrar skoðunar að allir kaupi hlaupaskó á netinu. Hann vilji hins vegar að fólk kaupi þá skó sem það þarf og tekur fram að það þurfi ekki alltaf að fara í sérstaka hlaupagreiningu.

Andersen getur þess að niðurstöður verðsamanburðarins séu sambærilegar við verð á markaðnum í Evrópu. Hann bendir á að Danir kaupi gjarnan hlaupaskó á netinu frá Englandi og Þýskalandi þar sem verðið sé oft helmingi lægra en í Danmörku.

Danskir sérfræðingar hafa í samvinnu, sem þeir nefna Runsafe, rannsakað hvernig hlauparar komast hjá meiðslum og hvaða áhrif mismunandi skótegundir hafa á hættuna á að fá meiðsl. Þeir segja að glími hlauparar ekki við meiðsl sé ekkert sem styðji það að hættan á meiðslum minnki við það að hlaupa í skóm með sérstökum stuðningi. Hins vegar aukist hættan á meiðslum í hvert skipti sem skipt er um merki og módel. **ibs@frettabladid.is**



**Ef þér hefur liðið vel í gömlu hlaupaskónum er skynsamlegt að kaupa alveg eins módel næst.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Nokkur ráð við kaup á hlaupaskóm

- Mikilvægast er að skórinn sitji vel og sé þægilegur. Aldrei á að kaupa skó sem er óþægilegur þótt mælt sé með kaupunum.
- Ef þú hefur ekki þurft að glíma við meiðsl skaltu velja venjulega skó án sérstaks stuðnings.
- Hafi engin vandamál verið kauptu hlaupaskó sem eru eins og þeir gömlu.
- Þegar þú hefur keypt nýja hlaupaskó skaltu hlaupa stuttar vegalengdir í hægum takti, jafnvel þótt þeir séu sömu tegundar og þeir gömlu. Slitnir skór sitja allt öðruvísi á fætinum en nýir þótt módelið sé hið sama.

Heimild:DR/Dr. Rasmus Østergaard Nielsen hjá Runsafe.

**183.911**
verðdæmum var safnað saman í þrjá daga á bandaríska markaðnum.

**36**
merki af 2.436 hlaupaskóm er um að ræða. Þau eru með 99,9 prósenta markaðshlutdeild.

**38,14%**
sparast að meðaltali við kaup á netinu og 19,36 prósent til viðbótar með því að kaupa ársgamalt módel.

**86%**
af hlaupaskóm eru á útsölu á netinu og 56 prósent er hægt að fá með 30-69 prósenta afslætti.

**Vefsíðan RunRepeat safnar upplýsingum notenda um hlaupaskó og verð á skóm.**

Heimild: DR/runrepeat.com








**Neytandinn** **Helga Mogensen** matgæðingur og eigandi Úr eldhúsi Helgu Mogensen

## Býr til kræsingar úr afgöngum

Helga Mogensen er mikill matgæðingur og unir sér best í eldhúsinu. Hún segist vera mjög meðvituð um það að henda ekki mat og eldar því mikið úr afgöngum. „Það er eitt helsta ráðið mitt, sér í lagi á minni heimilum,“ segir Helga.

„Maður lætur hugann fljúga, sturtar úr góðum kryddum og þetta kostar enga fyrirhöfn nema að leyfa ímyndunaraflinu að taka yfir,“ segir Helga og bætir við að það sé auðvelt að búa til kræsingar úr afgöngum.

Helga segir einnig að gamla klisjan um það að plana matseðil heimilisins eigi alltaf vel við, „maður finnur það hratt á veskinu sínu ef planað er fram í tímann,“ segir Helga og segir einnig að hún reyni að fara aldrei svöng að versla.

„Ég er búin að kaupa mér súkkulaði og snakk áður en ég veit af ef ég fer svöng í búðina, en það geri ég ekki ef ég fer vel undirbúin,“ segir Helga og veitir þau ráð að ganga meðvitaður til verks.

Helga vildi óska þess að hægt væri að kaupa allt grænmeti í lausasölu í staðinn fyrir að þurfa að kaupa meira magn. Það sama á við um olíur og hnetur, því slík matvæli þrána með tímanum. „Það sem mestu máli skiptir er að spyrja sjálfan sig hversu mikið magn maður notar í raun og veru og haga kaupunum eftir því,“ segir Helga.

„Búðu til kræsingar úr afgöngum, það er mín áskorun!“ bætir Helga við að lokum.



**Gamla klisjan á alltaf vel við, best er að plana innkaupin.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það sem mestu máli skiptir er að spyrja sjálfan sig hversu mikið magn maður notar í raun og veru og haga kaupunum eftir því.**



Tópas
MEÐ FJALLAGRÖSUM
NÓI SÍRÍUS
Ferskur andvari
Íslensk náttúra. Ilmandi mosi og ægifögur fjallasýn. Þú kastar mæðinni og virðir fyrir þér fegurðina; Kirkjufell, þetta sérstæða, hnarreista flaggskip Snæfellsnessins.
Við höfum nýtt okkur íslensk fjallagrös frá upphafi byggðar. Heilnæm og frískandi hafa þau haft áhrif til góðs á líkama og sál, handtínd í íslenskri náttúru. Tópas hefur sömuleiðis fylgt okkur gegnum tíðina. Saman munu þau gera það áfram.
XYLITOL
Tópas
MEÐ FJALLAGRÖSUM
EUCALYPTUS

# VIÐSKIPTI



Samningurinn var metinn á 19.800 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Stóri samruninn blásinn af

Ekki verður af áformuðum samruna lyfjaframleiðandanna Pfizer og Allergan. Ástæða þess er ný lagasetning í Bandaríkjunum sem tilkynnt var um á mánudag.

Samruninn var metinn á 160 milljarða dollara, jafnvirði 19.800 milljarða íslenskra króna. Pfizer mun greiða Allergan 150 milljón dollara, 18,6 milljarða íslenskra króna, vegna kostnaðar sem fyrirtækið lagði út í vegna samrunans.

Nýju lögin í Bandaríkjunum voru skref í átt að því að koma í veg fyrir að fyrirtæki forðuðust skattgreiðslur í Bandaríkjunum með því að færa höfuðstöðvar sínar. Pfizer ætlaði að flytja höfuðstöðvar sínar til Írlands, þar sem Allergan er með höfuðstöðvar, og greiða einungis 12,5 prósenta fyrirtækjaskatt sem er mun lægri en fyrirtækjaskattur í Bandaríkjunum.

Mörg bandarísk fyrirtæki hafa á undanförnum árum sent evrópskum fyrirtækjum tilboð um yfirtöku til þess að forðast skatta í Bandaríkjunum. – sg

## Skoðar gítara í Frankfurt



Fólk hvaðanæva úr heiminum hefur safnast saman í Frankfurt í Þýskalandi á tónlistarkaupstefnu, sem stendur til 10. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Í svari forseta kemur fram að hvorki Ólafur Ragnar Grímsson né Dorrit Moussaieff eiga félög eða reikninga á aflandseyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Forsetahjónin eiga ekkert á aflandseyjum

Hvorki Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, né Dorrit Moussaieff, eiginkona hans, eiga reikninga eða félög á aflandssvæðum. Þetta kemur fram í svari forsetans við fyrirspurn Fréttablaðsins. Spurt var: Átt þú, Ólafur Ragnar Grímsson, eða eiginkona þín, Dorrit Moussaieff, reikninga eða einhver félög á aflandssvæðum?

Eins og fram hefur komið mun Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, láta af embætti forsætisráðherra eftir að upp komst um tengsl hans við félagið Wintris. Félagið er í eigu eiginkonu hans og er skráð á Bresku Jómfrúaeyjum. Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem birt var í gær vilja 69 prósent svarenda að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segi af sér og 63 prósent að Ólöf Nordal innanríkisráðherra segi af sér vegna tengsla sinna við aflandsfélög.

Í frétt Viðskiptablaðsins sem birtist í ágúst 2012 kom fram að forsetafrúin greiðir alla skatta erlendis. „Allar tekjur og eignir Dorritar eru erlendis og eru, eins og ber að gera, skattlagðar þar,“ sagði í svari forsetaskrifstofu. Hins vegar komu fram upplýsingar um að forsetafrúin greiddi skatta í Bretlandi. – jhh

**» Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem birt var í gær vilja 69 prósent svarenda að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segi af sér og 63 prósent að Ólöf Nordal innanríkisráðherra segi af sér.**

# Skýra þarf stefnuna betur fyrir almenningi

**Samtök atvinnulífsins telja að almenna fræðslu um mikilvægi verðstöðugleika fyrir almenning skorti. Seðlabankinn tali ekki til almennings þegar hann tjái sig um stefnu sína. Fleiri en bankinn þurfi hins vegar að vinna að stefnunni.**

Seðlabankinn þarf að gera meira í að auka skilning á mikilvægi verðstöðugleika og auka skilning almennings og stjórnmálamanna á gangverki og hlutverki peningastefnunnar. Þetta segir í nýju riti Samtaka atvinnulífsins sem heitir Fíllinn í herberginu og leitin að peningastefnunni. Ritið verður kynnt á ársfundi Samtaka atvinnulífsins sem fram fer í dag.

Samtök atvinnulífsins segja almenna fræðslu vera mikilvæga og Seðlabankanum beri að líta til reynslu annarra seðlabanka sem hafa lagt sig fram um að fræða almenning á auðskiljanlegan hátt um kosti og virkni þeirrar stefnu sem þeir fylgja.

„Gagnrýni okkar snýr fyrst og fremst að því að þegar Seðlabankinn tjáir sig um peningastefnuna, þá tjáir hann sig með mjög fræðilegu yfirbragði. Það má segja að markhópurinn sé þá hagfræðingar og áhugamenn um peningastefnu,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir allt of lítið gert í því að vera með almennilegt kynningarefni sem beint er að almenningi um mikilvægi verðlagsstöðugleikans, skaðleg áhrif verðbólgu á efnahagslífið og af hverju unnið er út frá því verðbólgumarkmiði sem sett hefur verið. „Fyrir vikið hefur stuðningurinn við þá peningastefnu sem við höfum verið með afar takmarkaður,“ segir hann.

Þorsteinn segir kjarna málflutnings Samtaka atvinnulífsins vera þann að þingið setji Seðlabankanum peningastefnuna en áskilji sér hins vegar rétt til að gagnrýna Seðlabankann í bak og fyrir þegar hann vinnur eftir henni með því að beita stýrivöxtum þegar þess sé þörf. Þá þurfi stjórnmálamenn að gæta aðhalds í ríkisfjármálum og ekki vinna gegn peningastefnunni með of lausu taumhaldi.

Hið sama megi segja um aðila vinnumarkaðarins, sem gagnrýni bankann en geri lítið í að stuðla að verðlagsstöðugleika og axla þá ábyrgð og það hlutverk sem kjarasamningar óhjákvæmilega hafa í verðlagsstöðugleika.

Hann bendir á að ef ríkisfjármálin eru með þeim hætti að þau skapi þenslu og vinnumarkaðurinn með þeim hætti að þar sé samið um launahækkanir langt umfram það sem samræmist verðstöðugleika þá náist hann aldrei. „Það að Seðlabankinn vinni út frá verðbólgumarkmiði gerir hann ekki að eina handhafa þess verkefnis heldur verða stjórnmálamenn og vinnumarkaðurinn að styðja við það,“ segir Þorsteinn og bendir á að peningastefnan hafi þrjá arma; peningamálastjórn, aðila vinnumarkaðarins og ríkisfjármálin.

jonhakon@frettabladid.is




Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson á kynningu Seðlabankans á síðustu vaxtaákvörðun peningastefnunefndar bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Það að Seðlabankinn vinni út frá verðbólgumarkmiði gerir hann ekki að eina handhafa þess verkefnis.**

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA




the PIER
20% AFSLÁTTUR
AF LJÓSUM OG RÖMMUM
NÝJAR VÖRUR Á PIER.IS
GILDIR 7.–13. APRÍL
LAMPAR OG LJÓS
VERÐ FRÁ 4.792,- m/afslætti
RAMMAR
VERÐ FRÁ 792,- m/afslætti
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM
RÚMTEPPI
VERÐ FRÁ 7.990,-
NÝ SENDING AF PÚÐUM
OG RÚMTEPPUM
PÚÐAR
VERÐ FRÁ 1.990,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

## 2.0



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Atburðarás stjórnmálanna síðustu daga hefur verið undarleg. Vægast sagt. Í gærkvöldi lauk henni – í bili að minnsta kosti, með tilkynningu um nýtt ráðuneyti Sigurðar Inga Jóhannssonar sem mun taka við forsætisráðuneytinu af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Ríkisstjórnarflokkarnir tveir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, munu halda áfram samstarfi sínu, með svo gott sem óbreyttum hætti, fyrir utan brotthvarf Sigmundar.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir hagfræðingur kemur ný inn í ríkisstjórnina fyrir hönd Framsóknar. Óljóst er í hvaða ráðherrasæti framsóknarmanna Lilja mun setjast.

Ýmsir hafa efast um hvort hrókeringar, líkt og þær sem kynntar voru í gær, duga til að sefa þá reiðiöldu sem gengið hefur yfir þjóðfélagið frá því Panamaskjölin voru opinberuð og tengsl þriggja ráðherra við aflandsfélög staðfest með afar vandræðalegum hætti. Sigmundur, sem var í fyrstu í algjörri afneitun um eigin slæmu stöðu, gerði óheiðarlega og misheppnaða tilraun til að sprengja upp ríkisstjórnarsamstarfið í fyrradag, þegar hann án nokkurs samráðs reyndi að fá opna heimild frá forseta Íslands til að rjúfa þing til þess að nota til að þvinga Sjálfstæðisflokkinn til samstarfs við sig.

Framsóknarflokknum var ekkert annað kleift en að snúa opinberlega baki við forsætisráðherra sínum, sem hann og gerði, og tilkynnti að hann vildi reyna að halda áfram samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þrátt fyrir svik Sigmundar. Sjálfstæðisflokkurinn tók í raun við Framsóknarflokknum á hnjánum, þó að staða forystu Sjálfstæðisflokksins hafi síst verið betri en Framsóknar, þar sem fjórir sjálfstæðisráðherrar af sex hafa verið tengdir við spillingarmál á kjörtímabilinu.

Ný ríkisstjórn Sigurðar Inga er í raun ríkisstjórn Sigmundar 2.0. Sigmundur mun halda áfram að gegna formannsembætti í flokki sínum, sem og sitja áfram sem óbreyttur þingmaður á Alþingi. Og í gær var upplýst að það var tillaga Sigmundar að Lilja kæmi inn í ríkisstjórnina. Lilja hefur verið ráðgjafi Sigmundar, sem er þekktur fyrir að hleypa afar fáum að sér. Sigmundur verður formaður og fer þannig fyrir flokknum.

Og Sjálfstæðisflokkurinn gerir engar athugasemdir. Eftir fordæmalausa hegðun samstarfsflokks í ríkisstjórn, svik, pretti og óheiðarleika, ekki aðeins í stjórnmálalegum skilningi heldur einnig siðferðislegum, virðist sjálfstæðismönnum sama þó að skuggaráðuneyti Sigmundar verði við stjórnvölinn.

Engin marktæk rök styðja fullyrðingar um að ekki sé hægt að boða strax til kosninga. Engin fyrirliggjandi mál eru með þeim hætti að starfsstjórn gæti ekki lokið þeim áður en þing verður rofið.

Síðustu dagar hafa verið farsakenndir. Leynifundir og óvissa hafa einkennt þá og óvíst er hvort ástandið í þjóðfélaginu muni nokkuð lagast þrátt fyrir þessa niðurstöðu. Nærtækasta dæmið um svo mikið baktjaldamakk og yfirgengilega dramatík er þegar sjálfstæðismenn mynduðu stjórn og Ólafur F. Magnússon var gerður að borgarstjóra. Spurningin er hvort þessi vegferð sé jafn mikið feigðarflan.

**Engin marktæk rök styðja fullyrðingar um að ekki sé hægt að boða strax til kosninga. Engin fyrirliggjandi mál eru með þeim hætti að starfsstjórn gæti ekki lokið þeim áður en þing verður rofið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Nýi ráðherrann**

**Bjarni Benediktsson hefur fært sannfærandi rök fyrir því að mikilvægt sé að viðhalda pólitískum stöðugleika næstu mánuði. Áætlun um afnám hafta gangi vel og mikilvægt sé að haldið sé áfram með undirbúning aflandskrónuútboðs sem áætlað er að fari fram í næstu viku. Þau mál sem ríkisstjórnin hefur sett í farveg eru þó ekki öll jafn aðdáunarverð. Bendir Gylfi Magnússon, fyrrverandi viðskiptaráðherra, þar til dæmis á búvörusamningana, sem hann segir einfaldlega galna. Og það er rétt. Sé hugsað til þeirra ættu frjálslyndir sjálfstæðismenn fremur að óska sér nýrrar ríkisstjórnar en að núverandi landbúnaðarráðherra taki sæti í forsætisráðuneytinu.**

**Við hlið Gaddafis**

**Ísland hefur verið á lista helstu fjölmiðla heims frá því að upplýsingar um Panama-skjölin voru birt opinberlega. Það er eðlilegt að fólk velti því fyrir sér hvaða áhrif þessi umfjöllun hafi á ásýnd útlendinga á land og þjóð. Fyrir bankahrun var Ísland lengi vel í efsta sæti á lista yfir þau lönd þar sem minnst spilling ríkti. Eftir bankahrun vorum við enn ofarlega. Það er pínu spurning hvort þetta breytist við atburðarás sem varð til þess að erlendur fjölmiðill birti mynd af íslenska forsætisráðherranum við hlið myndar af Muammar heitnum Gaddafi.** jonhakon@frettabladid.is

## Rangir leikir



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

Traust almennings á þingi, ríkisstjórnum og stjórnsýslu kjörinna fulltrúa hefur laskast á mörgum árum. Undarlegar leikfléttur 5. apríl, frammi fyrir afhjúpun á aflandstengslum ráðherra og skýrum kröfum meirihluta landsmanna, juku enn á vantraustið. Sigmundur Davíð átti ekki erindi til Bessastaða án þess að ræða að minnsta kosti fyrst við þingflokk sinn og forystumann samstarfsflokksins! Einu gildir hvort hann rétti forseta þingrofsbréf eða ræddi aðeins möguleikann.

Hitt er ekki boðlegt: Að forseti og SDG skuli vera ósammála um hvað fram fór á fundi þeirra. Ekki er heldur boðlegt að sniðganga umræður á þingi um þingrofstillögu með þessum hætti. Æðibunugangur við að reyna að koma í veg fyrir umræðu þings um setu þess sjálfs, eða um vantraust á ráðherra eða ríkisstjórn, er augljóst klúður sem rýrir traust.

**Nei var eini kosturinn**

Forseta var nauðugur kostur að hafna hugmynd/beiðni um þingrof, vegna þess að hún reyndist 100% sólóspil ráðherrans og forseti hafði ekki náð að ræða við formann hins stjórnarflokksins. En forseti átti ekki að vera fyrri til að segja frá niðurstöðunum og taka um leið að sér hlutverk pólitísks fréttaskýranda. Í þingbundnu lýðræði á forsætisráðherra, sem ber upp þingrofstillögu við forseta, að skýra frá niðurstöðum fundar með honum. Um leið gerir ráðherra grein fyrir ástæðum þingrofs, að sínu mati. Trúnaður á að ríkja milli aðalleikendanna og sá sem ber upp beiðnina, venjulega ráðherrann, á að geta treyst hinum til að virða frumkvæðið, hversu viturleg sem beiðnin er. SDG flaskaði á flýtinum og á að ræða ekki strax við fréttamenn.

Leikfléttan með SDG í hliðarsæti og nýjan mann í brúnni, gengur ekki upp. Kröfu um að allir kjörnir fulltrúar með skattaskjólslík í lestinni, og minnstu þögn um fjárhagsskuldbindingar erlendis, víki sæti hefur ekki verið fullnægt. Fáein brýn þingmál sem þarf að leysa eru langt komin og með sameiginlegu átaki starfsstjórnar og þings er hægt að brúa bil til haustkosninga og nýs þings, kjörinnar ríkisstjórnar (og nýs forseta), án þess að klúðra meiru.

**Leikfléttan með SDG í hliðarsæti og nýjan mann í brúnni, gengur ekki upp.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Við Woody

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Þegar óperuhúsið í Feneyjum, Teatro La Fenice, brann til kaldra kola 1996 lögðu margir saman tvo og tvo og töldu víst að mafían myndi hafa kveikt í húsinu. Sagt er að mafían eigi það til að fara óvarlega með eldspýtur ef verktakar á hennar vegum fá ekki þau viðhaldsverkefni sem þeir bera víurnar í. Rannsókn leiddi þó í ljós að mafían kom hvergi nærri þessari tilteknu íkveikju sem komst á forsíður heimsblaðanna. Brennuvargarnir reyndust vera tveir hæggengir og hefnigjarnir rafvirkjar sem áttu yfir höfði sér sektir vegna seinkunar á raflagnavinnu þeirra í húsinu. Þeir voru báðir dæmdir í fangelsi. Húsið hafði brunnið tvisvar áður, 1774 og 1836, og verið endurreist í bæði skiptin í allri sinni dýrð.

**47 myndir á 50 árum**

Eftir brunann 1996 stóðu aðeins útveggir óperuhússins eftir, allt annað var ónýtt. Yfirvöldin vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Þá sté fram til að blása þeim kjark í brjóst og bjóða aðstoð sína kvikmyndaleikstjórinn Woody Allen sem hefur gert eina mynd á ári í bráðum hálfa öld, nánar tiltekið 47 myndir á 51 ári, hverja annarri betri. Nýjasta myndin hans, Irrational Man, kom út í fyrra og fjallar um kvensaman heimspekiprófessor sem myrðir dómara upp úr þurru til að gefa lífi sínu gildi. Myndin er full af heimspekiþvælu í hæsta gæðaflokki. Næsta mynd hans, Café Society, hefur verið valin opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Cannes í næsta mánuði. Og nú vinnur hann að gerð sjónvarpsþáttaraðar sem verður sýnd síðar á þessu ári. Hann hefur ekki skrifað fyrir sjónvarp síðan fyrir 1960.

Woody Allen ólst upp í New York, nánar tiltekið í Brooklyn, hóf feril sinn kornungur sem uppistandari og gerðist síðan handritshöfundur og leikstjóri og leikur sjálfur í mörgum mynda sinna. Hann er ekki við eina fjölina felldur. Hann leikstýrði óperunni Gianni Schicchi eftir Puccini með Placido Domingo í aðalhlutverki í Los Angeles 2008 og aftur í fyrra. „Ég hef ekki hugmynd um hvað ég er að gera, en hæfileikaskortur hefur aldrei haldið aftur af mér,“ sagði hann við blaðamenn. Áhorfendur risu fagnandi úr sætum sínum að lokinni frumsýningunni, en leikstjórinn sté ekki fram til að hneigja sig ásamt öllum hinum, hann hafði ekki taugar í það.

**Rannsókn leiddi þó í ljós að mafían kom hvergi nærri þessari tilteknu íkveikju sem komst á forsíður heimsblaðanna.**

**Djassistinn**

Woody Allen er ekki bara einn afkastamesti og skemmtilegasti kvikmyndahöfundur allra tíma og óperuleikstjóri og skáld (hann birtir reglulega smásögur í bókmenntaritinu *New Yorker*) heldur er hann einnig hljóðfæraleikari í hjáverkum. Hann hefur um langt árabil leikið með hljómsveit sinni á mánudagskvöldum fyrir matargesti á Carlyle-hótelinu í New York. Yfirþjónninn á hótelinu sagði mér að Woody hefði misst aðeins eitt kvöld úr tónleikahaldinu og það fyrir mörgum árum vegna stórhríðar sem lamaði allar samgöngur um borgina. Þetta er sjö manna band sem hefur verið að frá því skömmu eftir 1960, byrjaði í Chicago og sérhæfir sig í gömlum, næstum útdauðum djassi frá New Orleans. Woody leikur á klarínettu, hljómsveitarstjórinn Eddy Davis leikur á banjó og síðan eru þarna einnig básúna, kontrabassi, píanó, trommur og trompet, valinn maður í hverju rúmi. Tónlistin þeirra er fyrsta flokks og flutningurinn einnig.

Og þá víkur sögunni aftur til íkveikjunnar í Feneyjum því Woody Allen ákvað ásamt félögum sínum að örva borgaryfirvöldin með því að fara með hljómsveitina í langa tónleikaferð um Evrópu strax eftir brunann og gefa endurbyggingarsjóði óperunnar ágóðann. Tónleikaferðin var kvikmynduð, myndin heitir Wild Man Blues og er skínandi skemmtileg. Allt gekk eins og í sögu, Woody reiddi fram fúlgu fjár í ferðalok og húsið var opnað aftur 2004, átta árum eftir brunann.

**Fjölskyldumaðurinn**

Myndinni lýkur með heimsókn Woody´s ásamt Soon Yi, kóreskri eiginkonu sinni og fósturdóttur, til háaldraðra foreldra hans í Brooklyn. Þau giftu sig í Feneyjum. „Ekkert skil ég í honum að giftast ekki heldur góðri gyðingastúlku,“ segir móðir hans við myndavélina. Hann verður 81 árs 1. desember.

# Menningarslys?



Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Ríkisútvarpið er í fjárþröng. Það á hins vegar stóra lóð sem talið er, að ekki þurfi að nýta. Það vill því selja og borgin hefur bitið á agnið. Fundur var haldinn, þar sem kynnt voru áform borgarinnar um að hjálpa Útvarpinu með því að taka lóðina og skipuleggja hana fyrir ótrúlega mikið magn af byggingum. Í staðinn fyrir fallegan, friðsælan reit fáum við nágrannarnir svo fyrirferðarmikið, hábyggt og þröngsett hverfi, að það verður sannkallað ferlíki. Því meira byggingarmagn, þeim mun meira fé í útvarpssjóðinn. En þetta verður bara eingreiðsla, þannig að við óbreyttar aðstæður mun aftur sækja til fyrra horfs.

Á liðnu sumri skrifaði ég grein hér í blaðið og lagði til aðra nýtingu lóðarinnar. Ég stakk upp á, að borgin keypti hana og nýtti í þágu útivistar og afþreyingar fyrir þá sem búa þarna í kring. Því hefur ekki verið svarað.

Við íbúar í nágrenninu mættum allmargir á kynningarfund þar sem sýndar voru endurskoðaðar tillögur um útvarpslóðina, en ekki endanlegar. Við gagnrýndum hið mikla byggingarmagn, gerðum tillögu um hóflegri nýtingu og málið er enn í bið.

Einn okkar spurði, til hvers íbúar hefðu verið kallaðir á þennan fund, hvort þeir mættu vænta þess, að mark yrði á þeim tekið, hvort vilji þeirra skipti yfirleitt nokkru máli? Muni ég rétt, voru svör eitthvað loðin. En nú hefur einn okkar fengið þær fréttir frá Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, að breytingar verði engar, tillögur okkar sennilega til einskis. En lokaútfærsla skipulags svæðisins er væntanleg fyrir almenningssjónir og þá virkjast um leið hinn raunverulegi andmælaréttur okkar hverfisbúa.

Þess vegna skrifa ég þessa grein. Séu fréttir mínar frá skipulagssviðinu réttar, þurfum við nágrannar útvarpslóðarinnar að vera vel á verði, reyna að nýta okkar grenndarrétt og sjá hvort við komum einhverju til leiðar.

**Alþingi á sökina**

Það er svo þverstæða þessa máls, að við, sem höfum haft okkur í frammi í umræðunni, erum öll miklir stuðningsmenn Ríkisútvarpsins. Fréttastofan stendur sig vel og Rás 1 er þannig rekin, að við teljum, að þjóðfélagið megi illa missa hana. Ég hygg að stór hluti þjóðarinnar sé okkur sammála.

En hvers vegna er Ríkisútvarpið þá svona fjárvana? Það er ekkert launungarmál. Þar á Alþingi sökina. Ríkisútvarpinu hafa verið markaðir tekjustofnar, en arðurinn af þeim hefur ekki skilað sér. A.m.k. tvær síðustu ríkisstjórnir hafa tekið hluta af réttmætu fé útvarpsins til annarra nota. Því má með sanni segja, að í staðinn fyrir að efla mannauð og hugsjónir innan veggja Ríkisútvarpsins íslenskri menningu til þroska, hafi fé þess verið „tekið ófrjálsri hendi“ af ótrúlega lágkúrulegri hugsun í eitthvað allt annað.

**Nú virðist eiga að gera hvort tveggja, takmarka aðstreymið í menningarlindina og eyðileggja perluna í hverfinu, hina grænu vin, sem einnig gefur fagra fjallasýn og eykur á hamingju íbúanna.**

Nú virðist eiga að gera hvort tveggja, takmarka aðstreymið í menningarlindina og eyðileggja perluna í hverfinu, hina grænu vin, sem einnig gefur fagra fjallasýn og eykur á hamingju íbúanna. Mér finnst stundum eins og ráðamennirnir, sem eiga þá skyldu helgasta að vinna að hagsmunum almennings, séu í þessu efni staurblindir á þarfir þjóðfélagsins. Og þegar ríki og borg taka höndum saman við að fullkomna fáránleikann, þá sækir alvarlega að mér spurningin: Stefnir þetta ekki í mikið menningarslys?



# Drögum félagshyggjufánann að húni!



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður

Ánægjulegt hefur mér þótt hve góð viðbrögðin hafa verið við tveimur greinum sem ég hef nýlega fengið birtar í Fréttablaðinu með því inntaki að mikilvægt sé að vinstri stefna gangi í endurnýjun lífdaganna. Í þessum skrifum benti ég á að samhliða vaxandi gengi nýfrjálshyggjunnar undir aldarlok og í byrjun nýrrar aldar, hafi hinn pólitíski pendúll færst til hægri með þeim afleiðingum að stjórnmálaflokkar og félagslegar hreyfingar, þá einnig verkalýðshreyfingin, hafi færst í þá átt, leitað markaðslausna í stað samfélagslausna eins og áður hafði tíðkast, jafnvel til að ná gamalgrónum félagslegum markmiðum.

**Þörf á endurmati**

Formaður Alþýðufylkingarinnar, Þorvaldur Þorvaldsson, segir þetta að vísu vera reginmisskilning, alla vega hljóti hann og hans félagar að vera þarna undanskildir. Í grein sem hann skrifar niður til mín í Fréttablaðið 5. apríl undir fyrirsögninni, *„Hvað þykistu vera að reyna að segja, Ögmundur?“*, heldur hann því fram að án sín og sinna *„sem byggi á því besta úr sögu og reynslu verkalýðssamtaka frá öndverðu“* geti engin endurnýjun lífdaganna orðið hjá vinstri mönnum: *„Endurreisn vinstristefnu á Íslandi er óhugsandi án aðkomu Alþýðufylkingarinnar.“*

Nú vill svo til að það sem ég *„þykist vera að reyna að segja“*, svo við höldum okkur við orðalag Þorvaldar, ber ekki að skilja á þann veg að ég sækist eftir því að fela anda minn í hendur tilteknum stjórnmálaflokki eða yfirleitt einhverjum sem telur sig sérstakan handhafa sannleikans. Þvert á móti er ég að hvetja til þess að við reynum öll, hvar á báti sem við erum og hvar í flokki sem við höfum skipað okkur á félagshyggjuvængnum, að endurmeta viðhorf okkar og leiðir sem við veljum til að ná settu marki. Þannig hef ég fagnað útlistunum þeirra Frans páfa og Frosta framsóknarmanns á samfélagsbankahugmyndinni, hvatt til staðfastari varðstöðu um auðlindir og félagslega innviði og viljað aukið lýðræði og gagnsæi.

Þorvaldur Þorvaldsson telur mig ekki vera gjaldgengan í þessari umræðu nema ég svari til um gjörðir síðustu ríkisstjórnar og mína framgöngu sjárstaklega enda hafi ég *„hvergi dregið af mér“* við að rukka sjúklinga, *„meira en nokkru sinni fyrr.“* Allt hafi verið á einn veg, tálsýnir peningahyggjunnar allsráðandi, einkavæðing orkufyrirtækja hafi tekið kipp og samfélagið sett undir auðvaldshælinn og sé ég jafnan hluti af þeim hæl *„þegar á þarf að halda.“* Ekki er þetta beinlínis gæfuleg einkunn.

**Þannig eru það ósannindi að í minni tíð sem heilbrigðisráðherra hafi verið rukkað „meira en nokkru sinni fyrr“. Hið sanna er að á meðal minna fyrstu embættisverka var að snúa til baka ákvörðun forvera míns í embætti um aukna gjaldtöku innan veggja sjúkrahúsanna.**

Nú vill svo til að Þorvaldur Þorvaldsson er í mínum huga góður og gegn maður og hefur oft reynst ágætur greinandi. Hann má líka eiga það að hafa verið staðfastur baráttumaður sinna sjónarmiða og ekki ætla ég að gera lítið úr Alþýðufylkingunni þar sem hann er í forsvari. En ég vil þó segja, að vilji formaður þess flokks láta taka sig alvarlega þarf hann að byrja á sjálfum sér og fara rétt með í málflutningi sínum.

**Síðasta kjörtímabil njóti sannmælis**

Þannig eru það ósannindi að í minni tíð sem heilbrigðisráðherra hafi verið rukkað *„meira en nokkru sinni fyrr“*. Hið sanna er að á meðal minna fyrstu embættisverka var að snúa til baka ákvörðun forvera míns í embætti um aukna gjaldtöku innan veggja sjúkrahúsanna. Enda hef ég alla mína starfsævi á vettvangi verkalýðshreyfingar og stjórnmálanna sett gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu, öfluga innviði og orkufyrirtæki og auðlindir í samfélagseign, í öndvegi. Og það sem meira er, fyrir þessum sjónarmiðum barðist ég á síðasta kjörtímabili einnig.

Það er hins vegar rétt að ýmislegt misfórst á þessum erfiðu árum. Í skrifum mínum hef ég horft til þess sem vel var gert á síðasta kjörtímabili, og er þar af mörgu að taka fyrir þá sem vilja láta menn njóta sannmælis, en jafnframt hef ég hvatt til þess að við drögum rétta lærdóma af því sem fór úrskeiðis.

**Tíðarandinn skiptir máli**

Ég er þeirrar skoðunar að máli skipti hvernig samfélag hugsar, hver tíðarandinn er. Það skipti máli þegar markaðshyggjan gerðist ágengari í vestrænum þjóðfélögum og þröngvaði sér inn í flesta kima undir aldarlokin, en verst var þó þegar félagslega sinnað fólk hætti að sjá aðrar lausnir á vanda samtíðarinnar en lausnir markaðarins. Þarna liggur hugarfarsbreytingin sem ég er að kalla eftir og hefði ég haldið að þeir, sem telja sig hreina af öllu illu, fögnuðu slíku ákalli.

Ágeng markaðshyggja hefur nú fengið að reyna sig í þrjá áratugi með hörmulegum afleiðingum. Nú þurfum við öll, hvar í flokki sem við stöndum en eigum það sameiginlegt að vilja efla jöfnuð og teljum félagslegar lausnir til þessa fallnar, að taka höndum saman og stuðla að því að vinstri stefna gangi í endurnýjun lífdaganna.

Fáni félagshyggjunnar hefur verið í hálfa stöng of lengi. Nú þarf allt félagslega sinnað fólk að sameinast um að draga þann fána að húni.

# Hvað er títt af Tortólu?



**Arngrímur Thorlacius**
dósent, Landbúnaðarháskóla Íslands

Ég vann í hjáverkum við þýðingar um langt árabil. Þá komu oft upp álitamál um áður óþýdd orð, þ.e. hvort þýða bæri með nýsmíði eða aðlögun tökuorðs. Nú virðist orðið Tortóla komið til að vera, þ.e. í víðtækari merkingu en sem staðarheiti.

Tortóla beygist eins og bóla eða eins og ilmandi fjóla, allt eftir því hvaða flokk maður kýs. Að finna aurum sínum stað þar syðra mætti því nefna Tortólusetningu, sbr. bólusetning. Í slíkum fylgsnum er meðal annars varðveitt fé sem fengið er með fjárkúgunum, þrælahaldi, nauðgunum kvenna og barna, nú eða leigumorðum.

Til að fylgsnið gagnist fyllilega verður það að hafa hreinsibúnað til peningaþvættis, sem felst í því að laða til sín skár fengið fé til íblöndunar. Falsaður fimmþúsundkall er hvergi betur geymdur en í bunka með tíu ófölsuðum. Með því að varðveita aurana sína eða bara að skrá fyrirtæki sín þarna eru menn að hjálpa til við voðaverkin.

Það er kannski eðlilegt að fremstu ráðamenn þjóðarinnar vilji leyna slíkum eignum og þræti fyrir þegar í harðbakkann slær, en það er ekki eðlilegt að þeir skuli eiga þær. Og að láta sér detta í hug að bjóða sig fram til æðstu trúnaðarstarfa þjóðfélagsins án þess að flytja sjóðina í siðað umhverfi er yfirgengilegt.

Það verður því að teljast harla kynlegt að íslenskir fjölmiðlamenn skuli hafa látið landsfeðurna komast upp með að ræða þetta eins og eitthvert lagatæknilegt atriði um skattskil. Skattaundanskot stjórnarherra væru kapítuli út af fyrir sig, en þetta er annað og meira. Mér persónulega er slétt sama hvernig skattframtölin líta út. Á ég að reikna með að þeir sem segja ekki frá eða jafnvel rangt frá á opinberum vettvangi færi allt satt og rétt í framtalið? Og á hverju

**Mér persónulega er slétt sama hvernig skattframtölin líta út. Á ég að reikna með að þeir sem segja ekki frá eða jafnvel rangt frá á opinberum vettvangi færi allt satt og rétt í framtalið? Og á hverju ætti það að byggja? Ársskýrslu frá Tortólu?**

ætti það að byggja? Ársskýrslu frá Tortólu?

„Löglegt en siðlaust" virðist vera þessu fólki óþekktur frasi. Hér hefur verið farið í hvívetna eftir reglum og ÞESS VEGNA er ekkert siðferðilega rangt við gjörninganna. Ef við hefðum reglur og lög yfir bókstaflega allt þyrftum við kannski ekkert siðferði. Og það er svona fólk sem hefur að atvinnu að setja lög og reglur okkur hinum til handleiðslu.

Sú sérkennilega staðhæfing forsætisráðherrans míns fyrrverandi, að RÚV eða aðrir íslenskir fjölmiðlar hafi lagt hann í einelti er í besta falli barnaleg. Það var einmitt skortur á gagnrýnni fjölmiðlun sem kom þessum manni í valdastólinn. Fólk sem fylgst hafði með í erlendum fjölmiðlum horfði í forundran á þegar gæðingurinn sló sjálfan sig til riddara (hestur á hestbaki?) með lýðskrumi á áður óþekktum skala, án teljandi mótbára frá íslenskum fjölmiðlum.

Hrói Höttur endurfæddur, ætlaði að taka hundruð milljarða frá erlendum hrægömmum og dreifa meðal langþjáðra hrunsþolanna. Og svo kemur á daginn að hann er sjálfur hrægammur! En viti menn, hann segist vera góður gammur. Og efndirnar, rammíslenskir peningar úr einum vasa í annan.

Á flestum málum eru margar hliðar. Með skírskotun til máltækis um flís eða bjálka í augum fólks, veltir maður fyrir sér hvort Tortólureiðin sé e.t.v. nauðbeygður flótti frá veruleikanum. Er ekki mergurinn málsins að við Íslendingar erum svo óheppnir með kjósendur?

# Við sleppum bara stærðfræðinni!



**Rannveig Óladóttir**
náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla

Skólastjórnendur í grunnskólum eru að skipuleggja næsta skólaár og þurfa að láta enda ná saman. Það vantar tíma og það vantar peninga. Í ónefndum skóla fá stjórnendur hugmynd: Við sleppum stærðfræðinni, þá fáum við meiri tíma fyrir aðrar greinar og við getum aukið sérkennsluna.

Þessi ákvörðun vekur mikil viðbrögð. Foreldrar mótmæla, foreldraráð skólans heldur neyðarfund. Einstaka nemandi verður glaður í hjarta sínu en 10. bekkingar fara í mótmælagöngu og safna undirskriftum, enda vita allir að stærðfræðin hefur tvöfalt vægi þegar sótt er um í suma framhaldsskóla. Stærðfræðikennarar eru höggdofa og Kennarasambandið og skólayfirvöld skerast í leikinn. Væri þessi skóli í Reykjavík mundi Helgi Seljan fá nafna sinn Grímsson ásamt menntamálaráðherra í Kastljós. Náms- og starfsráðgjafinn í skólanum ónefnda, ræðir málið við skólastjórnendur og bendir þeim á hagsmuni nemenda og rétt þeirra til að læra stærðfræði eins og aðrar námsgreinar.

Það er að segja ef það er náms- og starfsráðgjafi í skólanum. Sem er ekki alveg víst, þrátt fyrir að nemendur eigi rétt á þeirri þjónustu, alveg eins og þeir eiga rétt á að fá að læra stærðfræði. Náms- og starfsráðgjafi á að vera til staðar, sem hluti af lögbundinni sérfræðiþjónustu skóla, frá því að nemendur byrja í 1. bekk. Hann er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda sem vinnur með öðru starfsfólki skólans og foreldrum að vellíðan og velgengni barnanna í skólanum.

**Réttur brotinn á nemendum**

Þrátt fyrir grunnskólalög (13. grein) og ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla benda niðurstöður könnunar sem gerð var í grunnskólum



**Menntamálaráðuneytið hefur látið semja nokkrar skýrslur um málið og stungið þeim svo ofan í skúffu. Sú leið er fullreynd og árangurslítil.**

landsins á síðasta skólaári til þess að í u.þ.b. þriðjungi grunnskóla sé ekki náms- og starfsráðgjafi. Þar að auki er algengt að náms- og starfsráðgjöfum sé ætlað að sinna alltof mörgum nemendum, en æskilegt er talið að hlutfallið sé 300 nemendur á ráðgjafa í fullu starfi.

Eins og gefur að skilja hafa námsog starfsráðgjafar sérmenntun á sínu sviði. Námsbraut í námsráðgjöf var stofnuð við Háskóla Íslands árið 1990. Brautin er nú tveggja ára framhaldsnám sem lýkur með meistaraprófi. Námið er í takt við það sem best gerist í menntun náms- og starfsráðgjafa í Evrópu og Norður-Ameríku.

Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hefur verið lögverndað síðan 2009. Í þriðjungi þeirra skóla sem hafa náms- og starfsráðgjafa hafa skólastjórnendur eigi að síður ráðið aðra til að sinna starfinu, þar á meðal er leikskólakennari, þroskaþjálfi, iðjuþjálfi, sálfræðingur, sérkennari, almennur kennari, félagsráðgjafi og fyrrum skólastjórnandi. Auk þess vilja fleiri hasla sér völl í grunnskólum, svo sem félagsráðgjafar og markþjálfar. Vera má að þeir eigi fullt erindi en fyrst ætti skólar að uppfylla lagaskyldu sína um þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

**Hvað er til ráða?**

Foreldrar og forráðamenn gætu orðið áhrifaríkur þrýstihópur ef þeir settu fram kröfur til skólastjórnenda um að réttur barna þeirra til þjónustu náms- og starfsráðgjafa verði virtur. Vandinn er sá að þar sem þessa þjónustu er ekki að finna þekkja foreldrar lítið til hennar og vita þar af leiðandi ekki hvað þeir og börn þeirra fara á mis við.

Kennarasambandið og Skólastjórafélagið ættu að láta sig málið varða. Um er að ræða hagsmunamál fyrir grunnskólanemendur, sem þarf að berjast fyrir. Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum eru þar að auki félagar í Kennarasambandinu, sem hingað til hefur sýnt þessum málaflokki lítinn áhuga.

Menntamálaráðuneytið hefur látið semja nokkrar skýrslur um málið og stungið þeim svo ofan í skúffu. Sú leið er fullreynd og árangurslítil. Það þarf að grípa til aðgerða og gera skólastjórnendum skylt að ráða náms- og starfsráðgjafa og ganga úr skugga um að viðkomandi hafi tilskylda menntun. Eitt er víst, fagurgali í hátíðaræðum um gildi náms- og starfsráðgjafar hefur lítið að segja.

# Erum við tilbúin?



**Úrsúla Jünemann**
leiðsögumaður og fv. kennari

Aldrei hafa fleiri ferðamenn heimsótt Ísland, og það á öllum tímum ársins. Spáð er að fjöldi ferðamanna muni fara yfir 1,5 milljónir. Erum við tilbúin að taka á móti þeim öllum þannig að það verði okkur til sóma og gestirnir okkar fara glaðir heim eftir ánægjulega dvöl hér?

Flestir sem koma hingað vilja upplifa sérstaka og fallega náttúru, vilja fara burt frá fjölmenni, hávaða og hraða sem setja mark sitt á líf nútímamannsins. Ísland er auglýst sem hreint og óspillt land með einstakt ósnortið víðerni inn til landsins sem finnst ekki lengur á mörgum stöðum í veröldinni. Íslendingar eru sagðir gestrisnir, vingjarnlegir og hjálpsamir.

Þetta hljómar allt vel en er það svona í dag? Margir landsmenn hugsa því miður skammt fram í tímann og vilja helst verða ríkir á einni nóttu. Sjósókn, stóriðja, loðdýrarækt, fiskeldi, fjármálasnilld – nefndu það bara. Eitt gullgrafaraæði rak það næsta. Menn stukku til og hugsuðu stórt án þess að spá í langtímaáhrif og hliðarverkanir sem fylgja oft allt of hraðri uppbyggingu af einhverju tagi.

Og nýjasta mjólkurkýrin sem allir vilja græða á er ferðamaðurinn. En til þess að kýrin mjólki vel þarf líka að gefa henni að éta og hugsa vel um hana. Að öðru leyti liggur vegurinn niður í móti eftir að menn eru búnir að blóðmjólka bestu kúna sína.

Á síðustu árum gerðist það að græðgin hefur farið að bera á sér í ferðaþjónustunni. Okurverð fyrir veitingar á fjölsóttum stöðum, rukkun af landeigendum fyrir það eitt að skoða landið og vera úti í náttúrunni, ólöglegir gististaðir er því miður orðið mjög algengt. Gestrisnir og vinsamlegir Íslendingar?

Og svo er það óspillta, hreina náttúran, helsta djásnið okkar sem ferðamenn koma til að upplifa. En hvað sjá ferðamenn til dæmis sem heimsækja þessa margrómuðu náttúruperlu sem heitir Mývatn? Græna, slímuga þörungasúpu á sumri þar sem næstum ekkert líf þrífst lengur. Ofauðgað vatn sem fær allt of mörg næringarefni frá skólpi og áburði sem seytla út í vatnið. Eftir að búið er að drepa Lagarfljótið með virkjunarbrjálæðinu við Kárahnjúka, er Mývatn þá næst? Hvað bíður manna sem vilja skoða Gullfoss, Geysi og Þingvelli? Hálka og slysahætta á veturna og kraðak og endalausar biðraðir á sumrin. Til þess að kórónа þetta hefur útsýnisflug með þyrlum aukist mjög þannig að menn geta oft ekki talað saman né heyrt í fossinum vegna hávaða. Það færist því miður í aukana að menn fara óánægðir héðan vegna þess að þeir fengu ekki það sem þeir sóttust eftir. En ánægðir ferðamenn eru nú bara besta auglýsingin.

**Svo, hvað er til ráða?**

Uppbygging ferðamannastaða kostar fé – og mun meira ef beðið er lengur eftir að aðhafast eitthvað sem nauðsynlegt er að gera. Hér þarf utanumhald af hálfu ríkisins, og það af festu og sanngirni. Sjóður þarf að vera til þar sem allir geta sótt um styrki sem eiga einkaland sem er heimsótt af ferðamönnum og þarf viðhald og þjónustu. Í þennan sjóð þurfa allir að greiða sinn skerf við komu til landsins. Allir munu skilja þetta og mér þætti einnig í lagi að borga þetta gjald þegar ég kem heim til stuðnings við náttúruvernd. Hvers vegna ekki? Líka ég nota göngustíga, les upplýsingatöflur og nýt alls konar þjónustu á ferðum mínum um landið. En þá verður líka að taka strangt á því að banna alls konar aukarukkun eins og gerist núna til dæmis við Kerið.

Miðhálendið á að vera þjóðgarður í heild sinni þar sem mjög ströng lög ríkja um mannvirkjagerð og umferð. Nægilegur mannskapur af menntuðum vörðum munu þar sjá um fræðslu og eftirlit. Bara þannig getum við varðveitt þetta stórkostlega svæði til framtíðar. Við þurfum ekki að finna upp hjólið í þessum málum, nógu mörg góð dæmi eru um uppbyggingu og rekstur þjóðgarða í mörgum löndum heims. Slysum hefur því miður fjölgað á síðustu árum. Til þess að Ísland muni áfram gilda sem öruggt ferðaland þarf að finna lausn til að fækka slysum. Að skera niður í löggæslu er auðvitað óðs manns æði og ekki í neinu samræmi við þróun ferðamála hér á landi. Hugsa sér: Í Reynisfjöru til dæmis þar sem vitað er að hætta sé á ferðinni dugðu peningar fyrir virkt eftirlit einungis í tvær vikur! Svona lagað gengur ekki. Og björgunarsveitir landsins þurfa að fá mun hærri fjárhagsstyrki til að geta sinnt sínu starfi. Upplýsingar til ferðamanna sem fara á eigin vegum þarf að stórbæta þannig að menn geri sér grein fyrir hættunum sem gætu verið á ferðinni. Að menn ana út í vitleysur út af vanþekkingu hefur ekkert með ævintýri að gera.

Það væri hægt að skrifa miklu lengri og ýtarlegri grein um þetta málefni og ég vona að fleiri taki þátt í þessari umræðu. Ísland er einfaldlega ekki neinn „gleðibanki“ þar sem allir taka bara út en leggja ekkert inn.





# Hjólreiðar og krabbamein



**Ásbjörn Ólafsson**
formaður Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM)

**Það er mjög auðvelt að hjóla að vetrarlagi, gengur oftast hraðar heldur en á einkabíl á styttri leiðum því það þarf ekki að skafa hjólið og leita að hjólastæði.**

Í fyrra greindi afrekshjólreiðamaðurinn Ivan Basso frá því að hann hefði greinst með krabbamein í eistum en Lance Armstrong greindist einnig með það árið 1996. Í kjölfar þess að tveir þekktir afrekshjólreiðamenn úr Tour de France veiktust höfðu menn eðlilega áhyggjur af því að hjólreiðar væru áhættuþáttur. Svo reyndist ekki vera[i]. Aldur mannanna hafði meira að segja. Krabbamein í eistum er sjaldgæfur sjúkdómur sem greinist oftast hjá körlum á aldrinum 15 til 34 ára og hægt er að lækna flestar gerðir krabbameins í eistum jafnvel þó það greinist á háu stigi.

Í nýlegri breskri rannsókn[ii] sem var gerð á 5.200 hjólreiðamönnum kom í ljós að karlmenn á sextugsaldri sem hjóluðu níu tíma eða meira á viku væru allt að fimm sinnum líklegri til að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli. Hins vegar fundust engin tengsl við ófrjósemi eða stinningarvanda. Rannsakendurnir sögðu að fyrir þá 2.000 karlmenn, 50 ára eða eldri, væri þetta þó ekki óyggjandi sönnun um að hjólreiðar yllu krabbameini í blöðruhálskirtli. Niðurstöðurnar komu skýrsluhöfundum á óvart og hugsanleg skýring gæti verið að eldri menn sem hjóluðu mikið hefðu sterkari heilsuvitund og væru þ.a.l. líklegri til að láta greina sig. Þrátt fyrir það virtust þeir ekki fara oftar til heimilislæknis síns. Höfundur rannsóknarinnar, læknirinn Mark Hamer, benti á að ekki væri um stóran hóp að ræða og þörf væri á frekari rannsóknum. Hann lagði mikla áherslu á að hjólreiðar væru heilsusamlegar og drægju m.a. úr líkum á sykursýki 2, hjartasjúkdómum og heilablóðfalli.

Landssamtök hjólreiðamanna (LHM) fengu Hanne Bebendorf Scheller, verkefnastýru í forvarnadeild dönsku krabbameinssamtakanna, til að halda erindi á árlegu hjólaráðstefnunni „Hjólum til framtíðar“ árið 2014[iii]. Hún er í teymi hreyfingar og næringar og hefur einbeitt sér að því að fá fólk til að nota hjól frekar en einkabíl. Danir leggja mikla áherslu á forvarnir gegn krabbameini. Þriðji hver Dani greinist með krabbamein og hægt er að koma í veg fyrir fjögur af hverjum tíu tilfellum. Að reykingum undanskildum eru yfirþyngd og hreyfingarleysi helstu áhættuþættir krabbameins í Danmörku. Hægt væri að koma í veg fyrir 5.000 tilfelli krabbameins ef allir Danir fylgdu eftir ráðleggingum um hreyfingu og mataræði.

**Virkar samgöngur**

Virkar samgöngur til vinnu er sú stefna sem vinnur helst gegn auknu hreyfingarleysi fólks. Í Danmörku mætti með hjólreiðum koma í veg fyrir 4500 dauðsföll, 100.000 sjúkrahúsinnlagnir og 3,1 miljón veikindadaga. Hreyfingarleysi kostaði danska heilbrigðiskerfið þrjár miljónir danskra króna árið 2006. Hjólreiðar bæta heilsuna og danskar rannsóknir hafa sýnt að líkindi snemmbærra dauðsfalla minnka um 30 prósent hjá hjólreiðafólki. Stuttar hjólreiðaferðir draga úr lífsstílssjúkdómum og streitu.

Eitt stærsta krabbameinið tengt hjólreiðum er sú meinsemd í hugum margra að ekki sé hægt að hjóla að vetrarlagi[iv] eða veðurfarslegar og skipulagslegar aðstæður verði til þess að flestir reiði sig á einkabílinn[v]. Það er mjög auðvelt að hjóla að vetrarlagi, gengur oftast hraðar heldur en á einkabíl á styttri leiðum því það þarf ekki að skafa hjólið og leita að hjólastæði. Uppbygging og þjónusta hjólreiðastígakerfisins fer stöðugt batnandi en er auðvitað ekki lokið.

Hjólreiðar spara samfélaginu peninga og einkennilegt viðhorf er að berjast gegn uppbyggingu hjólreiða innviða og blanda því við óskyld mál. Það má velta því fyrir sér hvað af eftirtöldu er líklegast til að valdi krabbameini; dekkjakurl, gossjálfssalar, sjoppur í íþróttahúsum, hreyfingarleysi barna sem hanga heima í tölvuleikjum í óhófi eða dekkjakurl vegna skutls foreldra barna sinna á æfingar. Vona að þessi grein svari því að einhverju leyti.

[i] http://www.livescience.com/51538-testicular-cancer-cycling.html
[ii] http://www.dailymail.co.uk/health/article-2684947/Men-cycling-nine-hours-week-six-times-likely-develop-prostate-cancer-study-finds.html
[iii] http://lhm.is/images/stories/2014/hjolum-til-framtidar/erindin/hanne_changinghabits.pdf
[iv] http://vefblod.visir.is/index.php?s=9848&p=210105
[v] http://vefblod.visir.is/index.php?s=9842&p=209991

# Sjokkið í skírnarveislunni



**Aldís Arna Tryggvadóttir**
sérleg áhugakona um meðvitaða notkun snjalltækja, heilsu og heilbrigði

**Það var eins og þau væru ekki þarna, þau sögðu ekkert og tóku ekki þátt í gleðinni. Ungmennin við borðið lutu öll höfði og voru upptekin í símum sínum.**

Fyrir nokkrum árum skírðum við hjónin yngsta son okkar. Skírnarveislan var stór þar sem nokkrar kynslóðir komu saman til að fagna. Flestir gesta ræddu saman um daginn og veginn á meðan aðrir stungu saman nefjum. Yngstu börnin í veislunni léku sér saman í einu horni veislusalarins. Það var glatt á hjalla.

Einn aldurshóp vantaði í fjörið. Það var unga, frjálsa og áhyggjulausa fólkið á aldrinum 15-25 ára. Þegar ég gekk á milli gesta leit ég yfir salinn í leit að unga fólkinu. Að lokum fann ég það í einu horninu. Ég hugsaði með mér að þetta hlyti að vera stuðboltaborðið.

Ég hafði kolrangt fyrir mér. Við borðið ríkti algjör þögn. Það var eins og þau væru ekki þarna, þau sögðu ekkert og tóku ekki þátt í gleðinni. Ungmennin við borðið lutu öll höfði og voru upptekin í símum sínum.

Ég komst að því síðar um kvöldið þegar ég fór inn á Facebook að þau höfðu ekki setið aðgerðarlaus í veislunni. Þvert á móti höfðu þau „spjallað“ ákaft saman á samfélagsmiðlinum með skrifum og „lækum“ hvert hjá öðru.

**Hættu nú alveg!**

Ég sá líka fleira á Facebook þetta kvöld sem stakk í augu. Þar var mynd af skírnartertunni með nafni barnsins okkar. Hún hafði verið sett inn á samfélagsmiðilinn áður en við höfðum látið þá vini og vandamenn sem ekki voru í veislunni vita af nafni barnsins. Ég hef alltaf talið það hlutverk foreldranna að flytja þær fregnir og ákveða hvenær nafnið skyldi opinberað.

Þarna var líka Snapchat-myndskeið af okkur hjónum, tekið þegar við vorum að tala við aðra veislugesti án vitundar okkar eða samþykkis um birtingu á netinu.

Það virðist sem fólk sé orðið berskjaldað fyrir myndatökum og hafi varla rétt á því að vita hvenær verið er að taka samtöl upp – hvenær maður heldur að viðmælandinn einn sé að hlusta þegar í reynd 200 manns eru að því. Við erum orðin almannaeign, okkur má mynda hvenær og hvar sem er og segja öðrum frá.

Sjokkið í skírnarveislunni okkar ýtti við mér. Það vakti mig til vitundar um það tangarhald sem samfélagsmiðlar hafa náð á okkur og þeim neikvæðu áhrifum sem þeir geta valdið ef þeir eru ekki notaðir á meðvitaðan hátt.

Ekki svo að skilja að ég sé á móti tækninni en mér fannst að einhverju þyrfti að breyta. Ég sökkti mér niður í rannsóknir um áhrif netnotkunar, samfélagsmiðla og stafrænna tækja á heilsu og líðan fólks.

**Ekki eyða lífinu í símanum!**

Í þessu grúski mínu komst ég að því að um 61% einstaklinga er háð netnotkun. Fólk sem notar Netið of mikið, hvort heldur er í síma eða tölvu, er 2,5 sinnum líklegra til að glíma við þunglyndi en aðrir.

Síðan er það stressið. Streita er það sem helst ógnar heilsufari manna á 21. öldinni enda undanfari margra sjúkdóma. Meðalmaðurinn er alltaf að múltítaska með því að flakka stöðugt á milli vefsíðna og skoða samfélagsmiðlana. Fyrir vikið verður einbeitingin lítil sem engin og framleiðni minnkar, sem er vissulega bagalegt í hugum atvinnurekenda. Það tekur ekki „enga stund“ að kíkja aðeins á samfélagsmiðlana – þannig týnist tíminn …

Málið er í hnotskurn þetta: Tæknin átti að þjóna okkur og auðvelda vinnuna en hefur gert okkur að þrælum. Við verðum að taka stjórnina á ný og verða meðvitaðri um þau neikvæðu áhrif sem notkun stafrænna tækja og samfélagsmiðla hafa á heilsu okkar og félagslega hæfni.

Prófaðu að setja símann á hilluna í einn klukkutíma á dag eftir að börnin eru komin heim. Vittu til: Þú munt eignast ómetanleg augnablik og samverustundir með börnunum í stað þess að eyða öllum þínum tíma með augu og athygli á skjánum á meðan lífið þýtur óvart fram hjá þér.

# Um óvandaða ákvörðun varðandi nýjan Landspítala



**Hans Gústafsson**
MBA&MPM

**Í mínum huga leikur lítill vafi á því að þeir sem réðu staðarvalinu létu stjórnast af duldu dálæti á Hringbrautinni og hafi aldrei ætlað sér að skoða aðra valkosti. Enn er tími til að lagfæra þessi mistök svo þessi stærsta framkvæmd þjóðarinnar í heilbrigðismálum endi ekki í einu allsherjar klúðri.**

Frá því að ákveðið var á sínum tíma að verja stórum hluta söluandvirðis Landsímans til byggingar nýs hátæknisjúkrahúss hefur ákvörðunin um staðarval og stærð verið umdeild. Hrunið bætti ekki úr skák því söluandvirði Símans gufaði upp eins og dögg fyrir sólu og gott betur. Nú er sem betur fer allt á uppleið og hugur í fólki að hefjast handa við uppbygginguna. En nú bregður svo við, að þótt flestir vilji nýjan spítala vill drjúgur meirihluti landsmanna og heilbrigðisstarfsmanna ekki að byggt verði upp við Hringbraut.

Nefnd sem starfaði fyrir heilbrigðisráðuneytið á árunum 2004 til 2006 var ætlað að vinna að undirbúningi vegna byggingar nýs spítala. Þessi nefnd fær í hendurnar ákvörðun staðarvalsnefndar sem starfaði árið 2000. 2004-6 nefndinni var ekki ætlað að fjalla um staðarvalið heldur einungis hvers konar spítala ætti að byggja við Hringbraut. Staðarvalsnefnd frá árinu 2000 setti fram hvaða skilyrði staðsetning væntanlegs spítala þyrfti að uppfylla og vegur og metur út frá því.

Það er augljóst af mörgum þeirra skilyrða sem nefndin setti að einungis Hringbraut kæmi til greina. Þarna virðist því ráða för það sem á ensku er kallað Implicit favorite, sem ég kýs að kalla dulið dálæti. Dulið dálæti merkir að í upphafi er búið að ákveða hver niðurstaðan á að vera. Þegar aðrir möguleikar eru bornir saman við þann valkost sem búið er að ákveða er tryggt að þeir komi ekki eins vel út. Þannig er t.d. sett inn skilyrði um nálægð við flugvöllinn í Vatnsmýrinni, þótt ekki liggi fyrir samkomulag um að flugvöllurinn verði á þessum stað eftir árið 2022. Þetta skilyrði hefði því aldrei átt að koma til álita.

Annað skilyrði er nálægðin við Háskóla Íslands (HÍ), nánar tiltekið heilbrigðisvísindasvið HÍ. Þrátt fyrir að lengi hafi verið gert ráð fyrir að húsnæði heilbrigðisvísindasviðs HÍ við Hringbraut verði rifið og annað byggt í staðinn. Þar sem nýtt húsnæði HÍ mætti byggja hvar sem er hefði þetta skilyrði ekki heldur átt að koma til greina.

**Sparnaðurinn enginn**

Þriðja atriðið sem mér þykir benda til að dulið dálæti hafi ráðið för við staðarvalið eru áætlanir um að nýta stóran hluta þess húsakosts sem nú þegar er til staðar við Hringbraut og því væri hægt að komast af með minna byggingarmagn, og þar af leiðandi minni byggingarkostnað, en ef spítalinn yrði reistur annars staðar. Þeir sérfræðingar sem ég hef rætt við telja það af og frá, einfaldlega vegna þess að megnið af því húsnæði sem er við Hringbraut er orðið gamalt og hefur verið illa haldið við í gegnum árin. Fyrir utan að henta mjög illa nútíma sjúkrahússtarfsemi þarf að gera þetta húsnæði upp frá grunni með tilheyrandi tilkostnaði. NLSH kæmi því til með að sitja uppi með húsnæði sem erfitt gæti reynst að fella að starfsemi nýja spítalans auk þess sem það kostar líklega mun meira að gera það upp en að byggja nýtt. Sparnaðurinn við að endurnýta eldra húsnæði við Hringbraut verður því enginn. Þar með fellur þetta skilyrði einnig um sjálft sig.

Mín niðurstaða er að ákvörðunin um staðsetningu NLSH hafi verið illa ígrunduð og óvönduð. Staðarvalið er sett fremst í ferlið þegar það ætti í raun að vera órofa hluti af heildarákvörðunarferlinu. Í mínum huga leikur lítill vafi á því að þeir sem réðu staðarvalinu létu stjórnast af duldu dálæti á Hringbrautinni og hafi aldrei ætlað sér að skoða aðra valkosti. Enn er tími til að lagfæra þessi mistök svo þessi stærsta framkvæmd þjóðarinnar í heilbrigðismálum endi ekki í einu allsherjar klúðri. Til að tryggja að svo verði ekki þarf að viðhafa vandað og vel ígrundað ákvörðunarferli. Við eigum skilið betri spítala á betri stað.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 7. APRÍL 2016 FIMMTUDAGUR



Benjamín Náttmörður Árnason klæðir sig eftir skapi og hefur greinilega verið í góðu skapi þennan dag. MYND/STEFÁN

# SKAP RÆÐUR FATAVALINU

Gítarleikarinn **Benjamín Náttmörður Árnason** klæðir sig iðulega eftir skapi. Hann spilar með hljómsveit sinni Djúpir vasar á Gauknum í kvöld ásamt fjölmörgum röppurum.

„Minn stíll er breiður. Ég klæði mig eftir skapi og á það til að vera mjög litríkur þegar ég er í góðu skapi," segir Benjamín Náttmörður sem spáir töluvert í föt. „Ég skoða samt frekar fólk en tískutímarit."

> Á þessum tíma var fólk vel klætt hvert sem tilefnið var og ekkert til sem hétu hversdags- eða vinnuföt, menn voru bara flottir. Þá mokuðu menn skít í jakkafötum, það er stíll yfir því
> Benjamín Náttmörður Árnason

### FLOTT AÐ MOKA SKÍT Í JAKKAFÖTUM

Uppáhaldsflík Benjamíns eru tweed ullarjakkaföt. „Þau pantaði ég með því að senda málin mín í gegnum Ali Express og fékk alveg frábær föt. Ég hafði áður látið sauma á mig föt á Íslandi og það var bara ekki eins vel gert. Þessir fordómar fyrir kínverska handbragðinu eiga því alls ekki rétt á sér," segir hann glettinn.

Jakkafötin falla vel að hinu klassíska útliti frá Viktoríutímanum sem Benjamín heillast mjög af. „Þetta lúkk er alveg æðislegt. Á þessum tíma var fólk vel klætt hvert sem tilefnið var og ekkert til sem hétu hversdags- eða vinnuföt, menn voru bara flottir. Þá mokuðu menn skít í jakkafötum, það er stíll yfir því," segir hann og hlær.

Uppáhaldsfataverslunin er Kormákur og Skjöldur. „Þar er ég fastagestur," segir Benjamín en getur þess að hann sé hagsýnn í fatakaupum og leiti eftir góðum díl. Honum er sama um hönnuði og merki. „Ef fötin eru flott, þá eru þau flott."

### FLOTT HANDVERK Í KÍNA

Benjamín segist kaupa töluvert í gegnum netið en hins vegar kaupi hann einnig mikið á ferðalögum. „Ég var til dæmis í Kína á dögunum og keypti gríðarlega mikið þar." Inntur eftir því hvað hann hafi verið að gera í Kína segist hann hafa verið þar einn á tónleikaferðalagi. „Ég labbaði með gítarinn á bakinu á milli allra djassklúbba, mætti stundum í sándtékk, og handvaldi mér svo spilara, jafnvel samdægurs," segir Benjamín sem spilaði víða í Kína á djassklúbbum og á tónlistarhátíðum, með tónlistarfólki frá öllum heimshornum allt frá Afríku til New York.

Benjamín sinnir fjölmörgum verkefnum. Hann er í hljómsveitinni Djúpir vasar sem spilar fönk og hipp hopp og annarri hljómsveit sem heitir Tríó de Janeiro. „Það er latingrúppa í grunninn en við spilum fleira. Til dæmis spiluðum við með Joseph Whelan úr X Factor UK þegar hann kom hingað," segir Benjamín sem einnig er í tríói með Andreu Gylfadóttur og Edda Lár sem mun spila á djasskvöldi í Björgarðinum þann 15. apríl.

Næstu tónleikar eru þó í kvöld þegar Djúpir vasar spila á Gauknum klukkan 21. „Við komum fram ásamt fullt af röppurum. Þetta er nokkurs konar hipp hopp djamm session, þannig geta rapparar komið upp á svið og rappað með grúppunni og eins geta aðrir hljóðfæraleikarar stigið með okkur á svið." **solveig@365.is**

HANNAÐU ÞINN EIGIN COFFEE SÓFA
ÓTAL MÖGULEIKAR Á ÚTFÆRSLUM
ÞÚ VELUR; SÆTAFJÖLDA, ARMA, FÆTUR, LEÐUR EÐA ÁKLÆÐI
- VIÐ TEIKNUM UPP DRAUMASÓFANN FYRIR ÞIG -





LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16




# MEÐ TÍSKUÁHUGA Í GENUNUM

**Auður Elísabet Guðmundsdóttir** hefur haft áhuga á fötum og tísku frá unga aldri. Hún segir að íslenskar konur mættu klæðast fleiri litum en svörtum. Í sumar verða jarðlitir vinsælir og því gott að breyta um lit.

Auður ólst upp við áhuga á fötum, efnum og sniðum. Faðir hennar, Guðmundur B. Sveinbjarnarson, var klæðskerameistari og sérsaumaði föt á karlmenn sem vildu vera vel til fara. Auk þess saumaði hann reiðföt bæði á karla og konur. „Ég lifi og hrærist í tískunni upp að vissu marki. Foreldrar mínir voru mjög meðvituð um föt, tísku og efni. Pabbi rak klæðskeraverkstæði í Garðastræti og ég er alin upp við að þreifa á efnum, skoða snið og frágang. Pabbi hannaði föt á helstu herra bæjarins. Ég var að sendast með fötin frá unga aldri og hjálpaði við að pakka inn og þess háttar. Pabbi flutti inn vönduð ullarefni frá Englandi og lagði mikinn metnað í gæðafatnað,“ segir Auður og bætir við að pabba hennar hafi nú ekki alltaf litist á klæðnað unga fólksins þegar hippatískan gekk yfir.

„Pabbi saumaði reiðföt á mig og síðan útvíðar buxur þegar þær komu í tísku. Honum fannst ungdómurinn druslulegur á þessum tíma en lét það þó eftir mér að sauma nýtísku, útvíðar mjaðmabuxur. Mér fannst buxurnar aldrei nógu útvíðar en pabba fannst þetta vera vansnið,“ segir hún.

Auður hefur starfað í versluninni Evu í fimm ár og líkar vel. „Mér finnst gaman að selja konum falleg föt og ráðleggja þeim við val. Ég vann lengi hjá Fanneyju Jónmundsdóttur sem rak verslunina Basar. Mér finnst þetta alltaf jafnskemmtilegt starf. Núna er tískan mjög fjölbreytt, ekkert er bannað og mikið frelsi. Konur geta klætt sig eftir eigin smekk og hvað klæðir þær best. Sjálf er ég algjör sporttýpa. Ég sæki mikið í herraleg snið, geng eiginlega aldrei í kjólum eða pilsum. Svo hef ég valið að kaupa færri flíkar en vandaðar. Mér finnst sorglegt að fylla skápinn af flíkum sem maður notar eiginlega aldrei. Ég nota til dæmis mjög mikið biker-jakkann minn frá Belstaff sem ég hef átt lengi. Ég hef alltaf átt svona týpur af jakka, annað hvort frá Belstaff eða Barbour sem ég nota með gallabuxum.“


Auður Elísabet Guðmundsdóttir í uppáhaldsjakkanum sínum. Auður velur frekar fáar flíkur en vandaðar og notar þær mikið. MYND/ANTON BRINK

Auður er mikil hestakona og reynir að komast á bak þegar færi gefst. „Ég hef alltaf verið mikil útivistarkona. Ég á nokkra hesta og finnst ofboðslega skemmtilegt að fara í langa reiðtúra og hestaferðalög á sumrin,“ segir hún. Á árum áður starfaði hún sem fyrirsæta.

Þegar Auður er spurð um sumartískuna segir hún hana mjög flotta. „Ég er svo ánægð að fá alla þessa nýju jarðliti, brúna, sand og mosa. Svo er dökkblátt mjög í tísku en það er eiginlega minn svarti litur. Ég geng ekki í svörtum fötum eins og 99% kvenna en dökkblátt og súkkulaðibrúnt eru í miklu uppáhaldi. Mínir litir eru því að koma sterkir inn núna.“

elin@365.is


Annað dress í sumarlitunum. Sandlitar buxur, flottir skór og klúturinn setur punktinn yfir i-ið. MYND/ANTON BRINK


Týpískur klæðnaður hjá Auði. Bláar gallabuxur, ljós bolur, klútur og flott belti. MYND/ANTON BRINK









# YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

## 7.-10. APRÍL

**Nýr ilmur í Black Opium línunni sem slegið hefur í gegn um allan heim. Mjúkur og hlýlegur ilmur, umvafinn hvítu kaffi.**



**Touche Éclat Collector 2016**
Vinsælasti ljómapenninn er nú kominn í nýjum búningi. Veldu þitt slagorð! "All lights on me", "I am not a morning person" eða "No need to sleep".

**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT** Á KYNNINGUNNI

**Vinsælasti YSL farðinn er nú kominn endurbættur!**
Vinnur gegn þreytumerkjum, gefur þyngdarlausan ljóma og lýtalausa þekju.

**Y farðaburstinn** er sérhæfður bursti fyrir Touche Éclat Le Teint. Hann gefur fullkominn skammt af ljóma og þekju.

Kaupauki fylgir 2 eða fleiri vörum frá YSL meðan birgðir endast.

Kaupauki fylgir öllum YSL dömu- og herrailmum meðan birgðir endast, gildir ekki með 20 ml tilboðsglösum.



Lyf & heilsa
Kringlunni





Rihanna þótti vera ein af þeim best klæddu á Brit Awards fyrir nokkrum vikum í fallegum pastellitum kjól frá Armani Privé.


Hér blandar hún saman skvísulegum brúnum leðurbuxum og stuttermabol með mynd af söngvaranum R. Kelly framan á.

# FLOTT Í ÖLLU

Rihanna virðist geta komist upp með allt þegar kemur að fatavali, hvort sem það eru klofhá gallastígvél, karlmannsskyrtur eða silkigalli með blómamynstri sem lítur út eins og náttföt.

Tónlistarkonan og poppstjarnan Rihanna hefur getið sér gott orð á tískusviðinu fyrir djarfar samsetningar, fjölbreyttan stíl og ný trend. Reglurnar virðast ekki gilda um hana og hún gerir það sem hana lystir, bæði þegar kemur að tísku og öðru, og einhvern veginn tekst henni alltaf að „púlla“ það.

Ljósmyndararnir elta hana á röndum og áhangendur sitja fyrir henni á rauða dreglinum til að ná af henni myndum. Hingað til hefur hún varla þótt stíga feilspor þegar kemur að vali á dressi, hvort sem það hefur verið fyrir fínni tilefni eða hversdags. Árið 2014 fékk Rihanna áþreifanlega viðurkenningu á því að vera tískufyrirmynd þegar Félag bandarískra tískuhönnuða (e. Council of Fashion Designers of America) veittu henni CFDA Fashion Icon-verðlaunin.

Hér eru nokkur dress Rihönnu sem nýlega hafa vakið athygli og umtal.


Gallastígvélin vöktu mesta athygli sem fáa aðra en Rihönnu myndu klæða. Hún er líka þekkt fyrir dálæti sitt á Díönu prinsessu og skartar hér bol með mynd af henni.


Þessa samsetningu myndu fáir aðrir en Rihanna bera, karlmannsskyrta, hvítar stuttbuxur og pels frá Miu Miu við hælaskó. Plús blómaskraut í hári og hálsmen.


Rihanna boðar endurkomu jogginggallans. Hér skartar hún grænum Gucci-galla með blómamynstri og skinni á ermum.







20-60% afsláttur
af völdum vörum!
GLÆSILEGT HAPPDRÆTTI Í VERSLUNINNI!
5 heppnir þátttakendur hljóta 10.000kr gjafabréf í ZikZak
Drögum þriðjudaginn 12.apríl
Stærðir 36-56
MIÐNÆTUR-SPRENGJA!
FRÁBÆR tilboð og opið til kl 24.00 í kvöld
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 St. 40-54
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 St. 40-50
SKOKKUR ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 St. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 St. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 St. 40-54
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 St. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 St. 42-56
BOLUR ÁÐUR 1.990 NÚ 1.590 St. S-XXXL
Einnig til í hvítu!
LEGGINGS ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 St. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 St. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314












Dæmigerð hversdagsföt: Peysan er frá Norse Projects og keypt í Húrra Reykjavík ásamt Carhartt-buxunum. Skyrtan er frá Uniclo og sokkarnir eru jólagjöf frá Örnu og Pétri.



Greipur í uppáhaldsbuxunum sínum sem eru frá Farmers Market.

# FERSKT FRAM UNDAN

Mikilvægt er að reyna að vera rétt klæddur fyrir ákveðin tilefni, að sögn **Greips Gíslasonar**, verkefnastjóra hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Greipur Gíslason ólst upp á Ísafirði en hefur undanfarin ár búið í Reykjavík. Undanfarin tvö ár hefur hann starfað sem verkefnastjóri hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands en starfaði áður um sex ár skeið hjá Hönnunarmiðstöð Íslands. Hann segist lengi hafa haft áhuga á tísku og hafi raunar viljað klæða sig fallega frá því hann var ungur drengur.

**Lýstu fatastílnum þínum:** Ég reyni að klæða mig nokkuð snyrtilega en samt ekki endilega formlega. Mér finnst mikilvægt að reyna að vera rétt klæddur fyrir ákveðin tilefni og finnst stundum vanta aðeins upp á það hjá fólki. Hversdags til vinnu er ég yfirleitt í skyrtu og jafnan peysu yfir til að verða ekki kalt. Ég set upp hálstau til að vera fínni.

**Hvernig fylgist þú helst með tískunni?** Best er að fylgjast bara með fólki og því sem er að gerast en ég kaupi reglulega „vísindatímarit“ og þá helst virt innan fagsins, t.d. Gentlemans Quarterly (GQ) og fleiri.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir og -hönnuði?** Á síðustu árum hefur úrval fatnaðar á Íslandi fyrir minn smekk aukist. Ég reyni auðvitað að versla á Íslandi og að sjálfsögðu íslenskt ef ég get. Ef ég þyrfti að nefna uppáhaldsflík eða -vöru þá væru það buxurnar frá Farmers Market. Þetta er örugglega fimmta parið sem ég á af þeim. Annars hef ég átt góð viðskipti við JÖR og nú síðast Húrra Reykjavík sem mér finnst frábær viðbót við flóruna. Ég dáist að þessu unga fólki sem leggur allt í sölurnar til að gera borgina fallegri og fólkið sem í henni býr betra til fara.



Jakkafötin eru úr smiðju JÖR, skyrtan er frá Libertine-Libertine úr Húrra Reykjavík og bindið keypti Greipur í J. Crew í Bandaríkjunum. MYNDIR/VILHELM

**Bestu fatakaup þín?** Ég held að grár stakur ullarjakki sem ég keypti fyrir mörgum árum í J Lindberg í Svíþjóð hljóti að vera mín bestu kaup. Ég er mjög oft í honum enda passar hann við æði mörg tilefni. Í fyrrasumar keypti ég á útsölu í Húrra bláa þunna ullarpeysu sem ég hef varla farið úr síðan. Sannarlega góð kaup.

**Notar þú fylgihluti?** Ég geng með gleraugu og oftast með úr. Það er nú allt og sumt. Svo er ég kuldaskræfa og er því oft með húfu og eiginlega alltaf með trefil. Annar fylgihlutur sem ég nota gjarnan er Holster-vesti þeirra Bóasar Kristjánssonar og Sigga Odds.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Næst á dagskrá er auðvitað vorið og sumarið. Það býður upp á ferskleika og skemmtun. Í vinnunni snýst það um að kynna næsta starfsár Sinfóníuhljómsveitarinnar og halda áfram að taka þátt í því mikla starfi sem hljómsveitin vinnur. Sjálfur ætla ég svo bara að reyna að vera góður strákur og gera það litla sem ég get til að gera samfélagið okkar fallegra. Það má gera með mörgum litlum skrefum, til dæmis brosa meira, bjóða góðan daginn og vera kurteis.


Engir tollar =
lækkað verð
hjá
Hrafnhildi
Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is




„Vatnslosandi og kemur meltingu í lag"

Ég tek **Flóru með mér í ferðalagið**, bólgnir fætur, þrútin og þreyttur magi er það sem ég vil helst af öllu forðast, þá hefur Flóra reynst mér einstaklega vel á löngum ferðum.

*(Guðlaug B Jónasdóttir sölufulltrúi ).*

100% kraftur & virkni

ICEHERBS NATURA ISLANDICA

FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Allt sem þú þarft ...



**Töskur Heiðrúnar eru litríkar. Hennar sérstaða er selskinn og selsleður.** MYNDIR/ÍSAFOLD-DESIGN

# KYNNTIST SELSKINNI OG -LEÐRI Á GRÆNLANDI

Heiðrún Björk Jóhannsdóttir saumar handtöskur úr selskinni og -leðri undir heitinu Ísafold Design. Hún er sjálf forfallinn tösku- og skóunnandi og segir eina vitið að eiga töskur af öllum stærðum.

„Ég er blómaskreytir, útstillingahönnuður og tækniteiknari og upp úr þessari samsuðu varð ég fylgihlutahönnuður," segir Heiðrún Björk Jóhannsdóttir en hún hannar og saumar leðurtöskur og fylgihluti undir heitinu Ísafold. Heiðrún saumar töskurnar úr selskinni en hráefninu kynntist hún á Grænlandi.

„Ég hef alltaf saumað mikið og saumaði mína fyrstu flík níu ára. Ég byrjaði á töskusauminum þegar ég bjó á Grænlandi í nokkur ár. Þar kynntist ég selskinninu og selsleðrinu og fór að gera tilraunir með að sauma úr því. Ég flutti svo til Íslands aftur fyrir fjórum árum og fór þá bara á fullt í þetta. Eftir að ég féll fyrir skinninu sneri ég mér alveg að því. Ég held að ég muni hreinlega ekki lengur hvernig sauma á í bómullarefni," segir hún og hlær. „Sérstaða mín er hráefnið, ég hef ekkert verið að nota roð eins og svo margir," bætir hún við.

Töskur Heiðrúnar eru litríkar og segist hún leggja áherslu á skemmtilegar útfærslur innan í töskunum.



**Heiðrún Björk Jóhannsdóttir saumar leðurtöskur undir heitinu Ísafold-Design.** MYND/ERNIR

„Ofan í töskunum eru leynihólf og krækjur og fleira sem kemur á óvart. Svört taska er kannski gul að innan eða röndótt og oft nota ég rennilása í hressilegum litum. Ég sauma eingöngu nokkur eintök af hverri tösku og blanda saman leðri og selskinni, mismunandi áferðum og litum. Það fæðast stanslaust nýjar hugmyndir hjá mér og eins reyni ég að fylgja því sem mikið er beðið um. Á vorin og haustin eru það litlu samkvæmistöskurnar og stóru tuðrurnar þegar skólarnir byrja," segir Heiðrún.

Hönnun sína selur hún í Ræmunni, verslun sem hún rekur ásamt Svövu Grímsdóttur sem hannar undir merkinu Evuklæði. „Við Svava sameinuðumst um vinnustofu. Við opnuðum svo Ræmuna í kjölfarið," útskýrir Heiðrún og viðurkennir að hún sé veik fyrir fallegum töskum.

„Töskur og skór eru minn veikleiki. Ég veit ekki hvað ég á margar töskur og vildi óska þess að ég kynni að sauma skó. Handtaskan mín er samt ekkert pandórubox þó ég þurfi oft að hafa eitt og annað með mér. Það er sniðugt að eiga nokkrar stærðir og gerðir af töskum og grípa litla tösku þegar maður vill ekki vera að dröslast með allt of mikið með sér."



STÓRA BÍLASALAN



**NÝIR BÍLAR!**

Toyota Yaris Hybrid. Árgerðir 2016. Sjálfsk. Eigum á lager bíla og á staðnum. Verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 135288. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ A 180 CDI. Árgerð 2013, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.991765.



KIA Sorento ex luxury. Árgerð 2015, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.280163. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I20 classic. Árgerð 2014, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.290157.



BMW 318i station. Árgerð 2010, ekinn 59 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.991056. Tilboð kr: 2.490.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

100bílar.is bílasala



Infiniti FX 35, 11/2005, ek 119 þús km, bensín, einn eigandi, mjög fínt eintak, ásett verð í skiptum 2.490 þús, tilboðs verð 1.990 þús, er á staðnum, raðnr 152402.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Ford Fiesta 2012 ek. 24þús. beinskiptur. Einn eigandi frá upphafi. Verð 1700 þús. Uppl. í síma 863-0105

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
S. 777-8100
Fáðu fagmenn í verkið

## Málarar

**MÁLNINGI**

Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

**REGNBOGALITIR**

Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**Þakpappalagnir.**
**Eitt besta verðið.**
**S. 778 8322**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is







# KEYPT & SELT

## Til sölu




**ATVINNUTÆKIFÆRI**
Til sölu lítið trésmiðaverkstæði og/eða bara vélar. Er í rekstri. Uppl. s:8454096

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

Kaupi notaða gsm síma, að hámarki 8 ára, á allt að 70% af kaupverði. Sími 844 4504

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Tvískiptur ískápur frá Philco 180x59- 10þ. Nýlegur 2ja sæta sófi. Klippon Ikea- 10þ. Uppl. í síma: 8213541

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**
120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR EHF. SÍMI: 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**THE DELI BANKASTRÆTI 14**
Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastörf við afgreiðslu, matreiðslu og þrif. Upplýsingar og fyrirspurnir sendist á deli@deli.is

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið strax störf. Einnig óskum við eftir sumarstarfsmönnum. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**
Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf og tímbundið starf í boði.
**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

Castello PIZZERIA

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 824 1221

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum milli 14:00 - 17:00 í dag og næstu daga.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Gagnatengi
- Símalagnir
- Tölvulagnir
- Sjónvarpslagnir
- Fyrir heimili og fyrirtæki

Sími 789 0500 • midlun@simnet.is

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000




BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Goðasalir 15 – Kópavogi. Parhús**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulagt 214,3 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 31,5 fm. bílskúr á útsýnisstað við Goðasali. Stórar svalir til suðurs og vesturs útaf stofum og stór, skjólsæl og afgirt verönd á baklóð hússins. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins. Stórar og bjartar stofur. Sjónvarpsstofa. Fjögur herbergi. Lóðin er viðhaldslítil með hellulagðri innkeyrslu og stétt og afgirtri verönd. Stutt í skóla og leikskóla.
**Verð 67,7 millj. Verið velkomin.**

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.




## Spennandi fjárfestingartækifæri

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú, fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll, þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf. Hröð uppbygging í gagnaveraiðnaði og örþörungarækt, ásamt nálægð við Keflavíkurflugvöll gera Ásbrú að sönnu vaxtarsvæði til framtíðar.

# Fasteignir til sölu á Ásbrú

Íslenska ríkið er eigandi fjölda fasteigna af öllum stærðum og gerðum á Ásbrú, Reykjanesbæ.
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, sem fer með umsjón og þróun svæðisins, óskar eftir tilboðum í allar fasteignir ríkisins eða stóran hluta þeirra.
Margar fasteignanna eru nú þegar í útleigu en allar eru þær til sölu. Eignirnar eru í aðskildum félögum og því er einnig mögulegt að kaupa einstök félög.
Tilboðum í allar fasteignirnar, eða hluta þeirra, þarf að fylgja lýsing á því hvernig tilboðsgjafar hyggjast nýta þær og þróa svæðið í þágu atvinnulífs og samfélags. **Farið verður yfir öll tilboð mánudaginn 11. apríl nk.**






### Allar fasteignir ríkisins í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar eru til sölu, þær eru eftirfarandi:

Aðaltröð • 2 • 4 Bogatröð • 1 • 10 • 10a • 17 • 31 • 33 Borgarbraut • 953 • 960-963 • 962 Breiðbraut • 643-647 • 643R • 668-669 • 668R • 670 • 671-679 • 671R • 672 • 674 • 675 Ferjutröð • 9 Flugvallarbraut • 710 • 732 • 749 • 740 • 752 • 770 • 771 • 773 • 778 • 790 • 937 • 941 Grænásbraut • 501 • 506 • 614 • 602R • 603-607 • 619 • 700 • 920 • 999 Heiðartröð • 517 Keilisbraut • 745 • 747-748 • 747R • 749 • 762 • 770-778 • 770R • 771 • 773 Lindarbraut • 636 • 639 Skógarbraut • 914 • 915 • 916R • 916-918 • 917 • 919 • 921 • 922 • 923 • 924 • 925 • 932 • 946 Suðurbraut • 758 Valhallarbraut • 738 • 743 • 744 • 763-764 • 763R

Við mat á tilboðum verður einkum horft til kaupverðs. Þó er áskilinn réttur til að meta hugmyndir bjóðenda um nýtingu og ráðstöfun eignanna, s.s. áhrif á eftirspurn eftir öðrum eignum á svæðinu og almennt á nærsamfélagið. Ekki er um útboð á eignunum að ræða heldur sölu. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar áskilur sér rétt til að taka því tilboði sem það telur hagstæðast, m.a. út frá ofangreindum þáttum, eða hafna þeim öllum.

**Þú getur skoðað eignirnar nánar á kadeco.is.**

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.kadeco.is

ÁSBRÚ


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
Katla
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is

## Real Madrid fékk skell en Man. City náði góðum úrslitum í París



**Frábær úrslit fyrir Man. City** Liðið skoraði tvö dýrmæt útivallarmörk í París í gær er það náði 2-2 jafntefli gegn PSG. Hér fagnar Kevin de Bruyne marki sínu er hann kom Man. City í 0-1. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hefur skilað sér þúsundfalt

**Haukakonur tóku á móti deildarmeistaratitlinum í gær þremur árum eftir að liðið var í hópi neðstu liðanna. „Haukastelpa eins og við allar," segir fyrirliðinn Karen Helga um hina frábæru Ramune Pekarskyte.**

**HANDBOLTI** Það var gleðistund á Ásvöllum í gærkvöldi þegar Haukakonur tóku við fyrsta bikar kvennahandboltaliðs félagsins í sjö ár eftir tólf marka sigur á HK í lokaumferðinni. Fyrir liðinu fór hin 23 ára gamla Karen Helga Díönudóttir og upplifði langþráða stund fyrir sig og stóran hóp liðsfélaganna sem höfðu hjálpað Haukaliðinu á leiðinni sinni frá botninum upp á topp Olís-deildarinnar á þremur árum.

### Vorum eiginlega á botninum

„Þetta er rosaflott skref. Félagið er búið að vinna grimmt að þessu í fimm ár eða síðan við byrjuðum í uppbyggingu og vorum eiginlega á botninum. Það var sett upp fimm ára plan og það er að standast. Planið var að vera í baráttu um titlana og það er enn þá betra að landa einum," sagði Karen Helga Díönudóttir, fyrirliði Haukaliðsins.

Hinn 25. febrúar tapaði Haukaliðið undanúrslitaleik í bikar eftir tvíframlengdan leik á móti Gróttu. Tapið var sárt en lærdómsríkt að sögn fyrirliðans.

„Það var erfitt strax eftir leikinn en eftir hann kom ekki til greina að tapa þessum titli líka. Okkur fannst við með þann leik því við gátum oft klárað hann á þessum 80 mínútum. Við gerðum það ekki og því þurftum við að fara yfir það hjá okkur af hverju við vorum ekki að ná að klára hann sem skilaði sér síðan þegar mest á reyndi í deildinni," segir Karen Helga.

Einum mánuði síðar fór Haukaliðið í heimsókn til Gróttu og vann þriggja marka sigur á Nesinu. Sá sigur átti eftir að ráða mjög miklu í baráttunni um deildarmeistaratitilinn og heimavallarrétt út úrslitakeppnina. „Það skilaði sér þessi vinna sem við unnum eftir undanúrslitaleikinn," segir Karen.

### Ómetanleg reynsla

Það kom ekki til greina hjá henni að yfirgefa Haukaliðið þegar verst gekk. „Við sem erum uppaldar vissum af þessu markmiði. Þetta var erfitt á vissum stundum, enda erfitt að vera að tapa með tuttugu mörkum. Þá hugsaði maður sig um hvað maður væri að gera í þessu en þegar maður lítur til baka í dag þá sér maður að þessi reynsla, að fara frá botninum á toppinn, er ómetanleg. Það er ekki hægt að skipta henni út fyrir neitt. Ég sé ekki eftir því að hafa haldið þetta út," segir Karen.

Haukar höfðu ekki unnið titil síðan 2009, en nú líkt og þá voru þær með Ramune Pekarskyte innanborðs. Ramune kom aftur til Hauka fyrir þetta tímabil.

### Vill að öllum líði vel

„Hún er algjör fengur. Hún er bara Haukastelpa eins og við allar. Hún gerir þetta með hjartanu og er líka með það mikla reynslu að hún hjálpar öllum í kringum sig,"segir Karen og hrósar Ramune sem liðsmanni. „Eins góð og hún er þá er það ekki hennar afstaða að vera stjarnan í liðinu. Hún vill að öllum líði vel og að það sé liðsheild. Það hefur skilað sér þúsundfalt," segir Karen.

Deildarkeppnin endar mjög vel hjá Karen en það byrjaði þó ekki vel. „Ég datt úr olnbogaliði strax í fyrsta leik og var frá í tvo mánuði. Það var mjög erfitt," segir Karen. Það hafði líka sín áhrif, því þegar hún kom til baka var Haukaliðið bara í fimmta sæti deildarinnar.

„Við settum okkur markmið fyrir áramót að vera meðal fjögurra efstu og við enduðum í fjórða sæti eftir fyrri hlutann. Svo settumst við aftur niður og ætluðum okkur aðeins meira. Það gekk upp," segir Karen. Lykillinn? „Það hefur aldrei verið neitt vesen og allir á sömu blaðsíðu. Það eru allar að stefna á það sama sem er mjög flott. Maður kemst ekki mikið áfram án þess að vera með liðsheild," segir Karen.

### Ekki margar sem höfðu unnið

„Það er langþráð fyrir flestar í liðinu að vinna þennan titil því það eru ekki margar í þessu liði sem hafa unnið titil áður," sagði Karen sem hefur verið fyrirliði liðsins í nokkur ár þrátt fyrir að vera ekki gömul. „Ég tók við fyrirliðahlutverkinu tiltölulega snemma í þessari uppbyggingu og það er skemmtileg reynsla. Það er svo mikil liðsheild að það er ekki mjög erfitt hlutverk og ekki mikið um vesen sem maður þarf að takast á við," segir Karen.

### Þjálfarinn er mikill sóknargúrú

Óskar Ármannsson tók við þjálfun Haukaliðsins fyrir þetta tímabil. „Það koma alltaf nýjar áherslur með öllum þjálfurum. Hann er mikill sóknargúrú og hefur farið mikið yfir sóknarleikinn hjá okkur. Svo fylgir líka vörnin með og mér finnst hún ekki búin að vera síðri. Hann er búinn að fara mikið yfir þetta hjá okkur og við erum búnar að læra helling," segir Karen.

Haukar urðu Íslandsmeistarar kvenna í fimmta skiptið á tíu árum vorið 2005 en síðan hefur sá stóri ekki komið í hús. „Haukar eru toppfélag og hefur oft og lengi verið með kvennahandboltann á toppnum. Það var leiðinlegt að vera ekki að standa undir því. Það er bara gull að vera komnar aftur þangað," sagði Karen. Deildameistaratitilinn er þó aðeins byrjunin hjá Haukaliðinu.

„Við erum alveg enn þá niðri á jörðinni og ætlum okkur meira í þessu móti. Núna er bara að byrja nýtt mót. Þegar maður gerir hlutina ekki hundrað prósent þá er maður ekki að fara að afreka neitt," sagði Karen að lokum. ooj@frettabladid.is

### Uppganga Haukastelpna síðustu fimm árin

Haukaliðið er að bæta sinn árangur fjórða árið í röð og liðið vann nú sinn fyrsta titil í sjö ár. Liðið hefur unnið fleiri sigra með hverju ári og náði nú bestum árangri í deildakeppninni.

**2011-12** 8. sæti og 3 sigrar
**2012-13** 8. sæti og 6 sigrar
**2013-14** 7. sæti og 9 sigrar
**2014-15** 5. sæti og 14 sigrar
**2015-16** 1. sæti og 22 sigrar

**Þessi reynsla sem maður fékk við að fara frá botninum á toppinn er ómetanleg.**
Karen Helga Díönudóttir, fyrirliði Hauka



## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, 8 liða úrslit**

**PSG - Man. City 2-2**
0-1 Kevin de Bruyne (38.), 1-1 Zlatan Ibrahimovic (41.), 2-1 Ariel Rabiot (59.), 2-2 Fernandinho (72.).
*Þetta var fyrri leikur liðanna.*

**Wolfsburg - Real Madrid 2-0**
Ricardo Rodriguez, víti (18.), 2-0 Maximilian Arnold (25.).
*Þetta var fyrri leikur liðanna.*

**Domino's-deild karla, undanúrslit**

**Tindastóll - Haukar 69-68**
**Tindastóll:** Myron Dempsey 17/11 fráköst, Viðar Ágústsson 17/6 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 13, Darrel Keith Lewis 11/4 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 7, Helgi Rafn Viggósson 4/5 fráköst/5 stoðsendingar.
**Haukar:** Kári Jónsson 18/10 fráköst, Brandon Mobley 17/7 fráköst, Finnur Atli Magnússon 13/6 fráköst, Emil Barja 8, Haukur Óskarsson 7/4 fráköst, Hjálmar Stefánsson 3/5 fráköst, Kristinn Marinósson 2.
*Staðan í einvíginu er 1-1.*

OFURBIKARINN Á ÍSLANDI? Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, er opið fyrir því að leikur ríkjandi Evrópumeistara, Super Cup, fari fram á Íslandi verði þar leikvangur sem uppfylli öll skilyrði.

Það er vitanlega langur vegur frá því að Laugardalsvöllur fylli slík skilyrði í dag en það hefur lengi verið vilji Geirs Þorsteinssonar, formanns KSÍ, að stækka og breyta vellinum til muna.

Fram kemur í grein Fótbolti.net um málið að forráðamenn UEFA líti á Ísland sem raunhæfan kost fyrir leikinn ef viðeigandi úrbætur verða gerðar á þjóðarleikvanginum.

„Ef uppbygging á Íslandi verður með þeim hætti að hún mætir óskum og viðmiðum UEFA í þessum efnum er ljóst að landið yrði raunhæfur kostur til að hýsa leik um Ofurbikarinn. Næsti leikur verður haldinn í Þrándheimi og Ísland er um þessar mundir mjög framarlega í framþróun evrópskrar knattspyrnu og mjög spennandi staður fyrir svona viðburð," segir í svari UEFA við fyrirspurn Fótbolti.net.

Geir Þorsteinsson segir sjálfur að slíkur leikur væri raunhæfur kostur fyrir Ísland og að KSÍ hefði áhuga á að taka við verkefninu, væri allar forsendur fyrir hendi.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **18.45** | Njarðvík - KR | Sport2 |
| **19.00** | The Masters | Golfstöðin |
| **19.00** | Villareal - Sparta | Sport5 |
| **19.00** | Athletic - Sevilla | Sport4 |
| **19.00** | Dortmund - Liverpool | Sport |
| **19.00** | Braga - Shakhtar | Sport3 |
| **21.10** | Körfuboltakvöld | Sport2 |
| **18.00** | Víkingur - KR | Víkin |
| **19.15** | Njarðvík - KR | Ljónagryfjan |

# Gæti sloppið við að fara í aðgerð

**HANDBOLTI** „Það er auðvitað hundfúlt að meiðast svona en það er lítið við þessu að gera. Svona er sportið,“ segir Snorri Steinn Guðjónsson, leikstjórnandi íslenska landsliðsins, en hann ristarbrotnaði í leiknum gegn Noregi á þriðjudag.

„Ég veit eiginlega ekki hvernig þetta gerðist. Ég var að hlaupa til baka og virðist hafa rekist í annan mann og komið eitthvað vitlaust niður. Það er afar sérstakt að meiðast svona en það hefur nú loðað við mig að lenda í sérstökum meiðslum þá sjaldan ég meiðist. Ég hef verið heppinn hvað meiðsli varðar í gegnum tíðina.“

Farið var með Snorra upp á sjúkrahús í Þrándheimi þar sem í ljós kom að hann var ristarbrotinn. Læknir landsliðsins, Brynjólfur Jónsson, mun skoða myndirnar af Snorra og svo hitta hann í dag til þess að ákveða framhaldið.

„Það á eftir að taka ákvörðun með framhaldið en við förum yfir þetta saman og í samráði við félag mitt í Frakklandi. Það lítur út fyrir að ég gæti sloppið við aðgerð en þó ekki hægt að fullyrða um það á þessari stundu. Það þarf að skoða þetta allt betur áður,“ segir Snorri en læknar segja að þetta geti þýtt að hann verði frá í að minnsta kosti átta til tíu vikur. Snorri er þó vongóður um að hann geti snúið fyrr til baka.

„Ég held í vonina um að ná einhverjum leik eða leikjum á þessum mánuði sem er eftir af tímabilinu. Svo eru auðvitað mikilvægir leikir með landsliðinu í júní sem ég vil helst taka þátt í. Ég reyni að vera jákvæður og vonandi fæ ég einhver jákvæð svör eftir fundi mína með lækninum.“ **– hbg**




**Framhaldið ræðst hjá Snorra á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Jóhann Berg missir ekki af EM.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Blæddi úr eyra Jóhanns

**FÓTBOLTI** Jóhann Berg Guðmundsson, landsliðsmaður og leikmaður Charlton í ensku B-deildinni, var fluttur upp á sjúkrahús eftir að hafa fengið þungt höfuðhögg í leik gegn Ipswich á þriðjudag. Jóhann Berg var nýbúinn að skalla boltann þegar bakvörður Ipswich kemur allt of seint, að sögn Jóhanns, og skallar hann í hlið höfuðsins, við eyrað.

„Þetta var svaka högg og ég fór beint niður,“ sagði Jóhann Berg í samtali við íþróttadeild.

„Ég fann strax að það var eitthvað að. Það var mikill þrýstingur í höfðinu og sjúkraþjálfarinn sá að það var byrjað að blæða úr eyranu. Ég átti erfitt með að halda jafnvægi og var ekkert annað í stöðunni en að fara út af,“ sagði hann enn fremur, en Jóhann Berg var fluttur upp á sjúkrahús til frekari aðhlynningar.

„Læknirinn sem skoðaði mig var hræddur um að eitthvað hefði brotnað. Það voru miklar bólgur en ég fór í myndatöku þar sem kom í ljós að það var ekkert brotið, sem betur fer.“

Jóhann Berg segir að það hafi blætt nokkuð lengi úr eyranu og það hafi verið fremur óhugnanlegt.

„Það var ekki góð tilfinning enda fer maður að hugsa að eitthvað alvarlegt hafi gerst,“ segir hann og viðurkennir að hann hafi óttast um þátttöku sína á EM í Frakklandi í sumar. **– esá**

## Ráðist inn til UEFA

**FÓTBOLTI** Svissneska alríkislögreglan heimsótti höfuðstöðvar Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, í gær með heimild þess efnis að fá að sjá samninginn sem fannst í Panama-skjölunum.

Fram kemur í Panama-skjölunum að UEFA gerði samning við fyrirtæki sem var með höfuðstöðvar sínar á Niue, lítilli eyju í Suður-Kyrrahafi, fyrir áratug síðan um sýningarréttinn á Meistaradeild Evrópu í Ekvador.

Félagið sem keypti réttinn, Cross Trading, borgaði 11 þúsund dollara fyrir réttinn og seldi hann svo strax áfram fyrir 311 þúsund dollara. Samningur UEFA við Cross Trading og fjölmiðlafyrirtækið Teleamazonas er það sem svissnesk yfirvöld vilja skoða betur.

UEFA segir að samningurinn hafi ekki verið óeðlilegur og að það hafi ekki vitað af ætlun Cross Trading að selja réttinn áfram. Cross Trading hafi einfaldlega gert besta tilboðið í réttinn og taldi UEFA enga ástæðu til að ætla að eitthvað grunsamlegt væri við viðskiptin.

Gianni Infantino, nýkjörinn forseti FIFA, skrifaði undir samninginn fyrir hönd UEFA á sínum tíma en segist ekkert hafa gert rangt. **– tom**





Jordan Spieth vann The Masters í fyrra og getur orðið fyrsti maðurinn síðan Tiger Woods 2002, sem ver titilinn, en það er mjög erfitt á Agusta National-vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Spieth á stall með Tiger á Masters?

**Baráttan um græna jakkann á fyrsta risamóti ársins í golfinu, The Masters, hefst í dag. Þrír kylfingar er sigurstranglegastir en einn af þeim getur gert eins og Tiger fyrir fjórtán árum. Rory McIlroy getur komist í hóp með fimm öðrum sem hafa unnið öll risamótin.**

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is

**GOLF** The Masters, fyrsta risamót ársins í golfinu, hefst í dag og verða allir keppnisdagarnir í beinni útsendingu á Golfstöðinni. Á Masters skiptir bikarinn sem menn lyfta nánast engu máli og peningarnir eru aukaatriði. Allt snýst um að vera klæddur í hinn víðfræga græna jakka af sigurvegara síðasta árs og komast í hóp þeirra merkismanna sem eiga sigurlaunin, græna jakkann, í fataskápnum til að taka út til hátíðarbrigða.

Masters-mótið er eina risamót ársins sem fer alltaf fram á sama vellinum, Agusta National í Georgíuríki í Bandaríkjunum, og völlurinn er nokkuð snúinn. Þar er gott að hafa spilað nokkrum sinnum áður en kylfingar gera sig líklega til að vinna því Agusta National getur farið skrambi illa með jafnvel bestu kylfinga heims.

„Völlurinn er frekar langur og hentar högglöngum kylfingum. En menn þurfa líka að vera beinir, það þýðir ekkert bara að negla boltanum langt. Það þarf að vera með gott leikskipulag og sætta sig við sína styrkleika og veikleika. Zach Johnson er einn af höggstyttri kylfingunum á túrnum en hann vann mótið fyrir nokkrum árum bara út af frábæru leikskipulagi,“ segir Þorsteinn Hallgrímsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í höggleik og einn af lýsendum Golfstöðvarinnar. Fáir Íslendingar þekkja völlinn og mótið jafnvel og Þorsteinn en hann hefur í tvígang farið út og fylgst með.




**Þrír sigurstranglegastir**

Veðbankar vestanhafs og flestir golfspekingar hafa ekki fyrir því að ræða um fleiri en þrjá menn þegar spáð er í líklegum sigurvegurum. Það eru þrír efstu menn heimslistans; Jason Day frá Ástralíu, Bandaríkjamaðurinn Jordan Spieth og Norður-Írinn Rory McIlroy. Spieth (Masters og US Open 2015) og Day (PGA Championship 2015) hafa unnið þrjú af síðustu fjórum risamótunum.

„Það er alveg rétt að þessir þrír eru lang líklegastir þar sem þeir hafa verið heitastir síðustu mánuði,“ segir Þorsteinn. „Aftur á móti hafa veðbankarnir aldrei verið að skora hátt þegar kemur að því að spá fyrir um sigurvegara á Masters. Þarna eru líka menn eins og Rickie Fowler, Phil Mickelson og Henrik Stenson sem eru líklegir. Mickelson er að pútta betur en í langan tíma og hefur reynsluna. Það keppa 89 kylfingar á mótinu og ég tel að 20 þeirra geti unnið mótið.“

Miðað við reynslu sína að horfa á, lýsa og fylgjast með mótinu á staðnum segir Þorsteinn stutta spilið vera lykilinn að sigri. „Það verður að vera í lagi því völlurinn er fljótur að láta kylfinga líta illa út ef þeir koma sér ekki í réttu stöðu til að sækja. Þeir sem þekkja völlinn eru alltaf líklegri og svo skiptir líka máli að vera vanur umgjörðinni sem er sú mesta af öllum risamótunum,“ segir Þorsteinn.

**Spieth eins og Tiger**

Texas-strákurinn Jordan Spieth stal sviðsljósinu af Rory McIlroy á síðasta ári þegar þessi ungi kylfingur, nú 22 ára, vann fyrstu tvö risamót ársins. Hann var alveg sjóðheitur og skaust upp á stjörnuhimininn með frábæru golfi. Hann hefur titil að verja á mótinu og getur orðið fyrsti maðurinn síðan 2002 sem klæðist græna jakkanum tvö ár í röð. Enginn hefur gert það síðan Tiger afrekaði það fyrir fjórtán árum.

Spieth hefur aftur á móti ekki verið upp á sitt besta undanfarið. „Hann er kannski að reyna of mikið og fær mikið af ódýrum skollum. Ef hann verður ekki of ákafur tel ég hann mjög líklegan til að verja titilinn,“ segir Þorsteinn en eins og kom fram í máli Íslandsmeistarans fyrrverandi um völlinn er hægara sagt en gert að vinna þetta risamót tvö ár í röð.

Spieth þarf heldur betur að girða sig í brók ætli hann að komast á stall með Tiger Woods hvað varðar að vinna The Masters tvö ár í röð, en hann komst ekki í gegnum niðurskurðinn á móti fyrir nokkrum vikum og var nálægt því á öðru móti á dögunum.

**Hinir tveir**

Jason Day er heitasti kylfingur heims þessar vikurnar. Hann hefur unnið síðustu tvö PGA-mót og er á toppi heimslistans. Hann vann líka síðasta risamótið 2015. Norður-írska ofurstjarnan Rory McIlroy keppir aftur á móti að því að klára ferils alslemmuna. Rory hefur unnið öll hin þrjú risamótin en vantar grænan jakka í safnið.

Aðeins fimm kylfingum í sögunni hefur tekist að vinna öll fjögur risamótin á sínum ferli. Margir hafa unnið þrjú en ná aldrei því fjórða. Fagni Rory sigri á sunnudaginn þegar lokahringurinn verður spilaður kemst hann í hóp með ekki ómerkari mönnum en Tiger Woods, Jack Nicklaus, Gary Player, Ben Hogan og Gene Sarazen.

Rory yrði einnig fyrsti Bretinn til að vinna síðan 1996 þegar Nick Faldo, þrefaldur Masters-meistari, vann mótið. Aðeins þrír Bretar; Sandy Lyle og Ian Woosnam auk Faldo, hafa unnið Masters og þá hefur Evrópumaður ekki unnið á Agusta síðan 1999 þegar Jose María Olazabal bar sigur úr býtum. Það er að miklu að keppa fyrir Rory sem er einbeittur og sleppti meira að segja par 3-keppninni í gær til að vera sem best undirbúinn.

Þrír eru líklegastir en allt getur gerst á The Masters. Völlurinn er hannaður til að koma á óvart. Góða skemmtun.

## U.S. Masters 2016

Augusta National golfklúbburinn
Par 72
6.798 metrar




| Hola | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | Heild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Par | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 3 | 4 | 5 | 4 | 36 |
| Metrar | 407 | 526 | 320 | 219 | 416 | 165 | 411 | 521 | 421 | 3.406 |

| Hola | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | Heild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Par | 4 | 4 | 3 | 5 | 4 | 5 | 3 | 4 | 4 | 36 |
| Metrar | 453 | 462 | 142 | 466 | 402 | 485 | 155 | 402 | 425 | 3.392 |

Heimild: The PGA of America
Graphic News


MIÐNÆTURFJÖR Í KRINGLUNNI
20% AFSLÁTTUR
Gildir allan daginn í öllum verslunum af öllum vörum*
50% KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF NEW BALANCE HELDUR ÁFRAM
SÉRFRÆÐINGAR OG UPPÁKOMUR Á STAÐNUM FRÁ 19-22:
NIKE
UNDER ARMOUR
NEW BALANCE
CW-X
HUMMEL
BROOKS
COMPRESSPORT
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KRINGLUNNI
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is



## Merkisatburðir

**1927** Fyrsta sjónvarpsútsending með útvarpsbylgjum á sér stað í Washington DC í Bandaríkjunum.
**1941** Togarinn Gulltoppur bjargar 33 mönnum úr björgunarbáti út af Reykjanesi og bátar frá Hellissandi bjarga 32 úr öðrum báti út af Snæfellsnesi. Allir eru skipbrotsmenn af flutningaskipinu Beaverdale sem skotið var niður fjórum dögum fyrr suður af Íslandi.
**1943** **Laugarnesspítali í Reykjavík brennur til kaldra kola.**
**1963** Júgóslavía er lýst sósíalistalýðveldi og Jósip Broz Tító er útnefndur forseti til lífstíðar.



„Silagangurinn og vanrækslan kringum slysavarnamál á Íslandi var næstum því glæpsamleg," segir Illugi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Horfðu á mennina farast

**Fyrir 110 árum horfðu fjölmargir Reykvíkingar upp á tuttugu skipverja farast í aftakaveðri milli lands og Viðeyjar án þess að fá að gert. Illugi Jökulsson kann þá sögu.**

„Það var algengt á þessum tíma að skip færust með fjölda manns en það sem gerði þetta slys sérstaklega átakanlegt var að fólk horfði á mennina tínast í sjóinn án þess að fá rönd við reist, meðan skipið liðaðist í sundur." Þetta segir Illugi Jökulsson um hörmulegt sjóslys þennan mánaðardag árið 1906 þegar fiskiskipið Ingvar RE 100 strandaði í ofsaveðri skammt undan Viðey og 20 manns fórust. Þá sögu ætlar hann að rifja upp í Víkinni sjóminjasafni í dag milli 12.10 og 12.50.

„Þetta var á þeim tíma sem útbúnaður skipa var hörmulegur og engar veðurspár að styðjast við. Í þessu veðri lenti fjöldi skipa í vandræðum og tvö fórust við Mýrar með 48 manns. Ingvar RE, sem var þiljað seglskip, varð fyrir áfalli á Faxaflóanum en komst laskaður til Reykjavíkur. Skipstjórinn vonast eftir vari á sundinu milli Viðeyjar og lands en steytir á skeri og yfir skipið ganga hinir ferlegustu sjóir. Skipverjar komast ekki í land, binda sig fasta við skipið en brimið tekur þá smátt og smátt. Bóndinn í Viðey ætlar að ýta báti á flot en er stoppaður því slíkt hefði verið feigðarflan."

> **Á þessum tíma var búið að finna upp línubyssur í útlöndum en enginn hafði vit á að kaupa þær næstu þrjátíu árin, þó öllum ætti að vera ljóst að með þeim hefði verið hægt að bjarga þessum mönnum.**

Það sem Illuga finnst einkennilegast er að þrátt fyrir þetta slys, sem svo margir urðu vitni að, liðu þrjátíu ár áður en Slysavarnafélagið var stofnað. „Silagangurinn og vanrækslan kringum slysavarnamál á Íslandi var næstum því glæpsamleg," segir hann. „Á þessum tíma var búið að finna upp línubyssur í útlöndum en enginn hafði haft vit á að kaupa þær næstu þrjátíu árin, þó öllum ætti að vera ljóst að með þeim hefði verið hægt að bjarga þessum mönnum."

Allir eru velkomnir á hádegisfyrirlesturinn hjá Illuga og aðgangur er frír.

**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Sveindís Rósa Hansdóttir**
áður til heimilis að Háteigi 21,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjanesbæ mánudaginn 4. apríl.

Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Hans Edward Maloney** · **Kelly Cossman Maloney**
**Róberta Bára Maloney** · **Viðar Ólafsson**
**Charlotte Bryndís Maloney** · **Casey Nuckolls**
**og barnabörn.**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,
**Valgerður Aðalsteinsdóttir**

lést sunnudaginn 27. mars á Dvalarheimilinu Hlíð. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 11. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Stefán Ævar Ívarsson** · **Elín Gerður Jóhannesdóttir**
**Kristjana Ólöf Ívarsdóttir**
**Elín Kata Sigurgeirsdóttir**
**Jenný Vala Sigurgeirsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Sigríður Stefánsdóttir,**
Borgarholtsbraut 47, Kópavogi,

lést á Hrafnistu, Boðaþingi, 25. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.00.

**Svanhvít Jónsdóttir** · **Ólafur Garðar Þórðarson**
**Stefanía Lóa Jónsdóttir** · **Óttar Birgir Ellingsen**
**Guðrún Erla Jónsdóttir** · **Ingólfur Rúnar Björnsson**
**Hafdís Jónsdóttir** · **Guðmundur Stefánsson**
**Sigríður Ósk Jónsdóttir** · **Júlíus Skúlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝ Söngskólinn í Reykjavík

## Jón Stefánsson organisti

Vegna útfarar Jóns frá Langholtskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13 fellur kennsla niður frá kl. 12 sama dag.

*Skólastjóri*



✝

Okkar hjartkæri faðir, tengdafaðir og afi,
**Hörður Hjartarson**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 8. apríl og hefst athöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hrafnistu.

**Benedikt Harðarson**
**Una Björk Harðardóttir** · **Pétur Hansson**
**Hörður Harðarson** · **Guðrún Hrund Sigurðardóttir**
**Brynjar Harðarson** · **Guðrún Árnadóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Þórður Aðalsteinn Vilhjámsson**
(Steini)
Vallargötu 6, Sandgerði,

lést laugardaginn 19. mars. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jóhannes Ragnar Þórðarson**
**Thelma Þórðardóttir** · **Sigurjón Ingibjörnsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegi faðir minn, tengdafaðir og afi,
**Trausti Ólafsson**
kaupmaður,

lést fimmtudaginn 31. mars að hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin fer fram í Grafarvogskirkju, föstudaginn 8. apríl kl. 13.00.

**Elísabet Traustadóttir** · **Sigurður Matthíasson**
**og afkomendur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Rafn Hagan Steindórsson**
Norðurgarði 3, Hvolsvelli,

varð bráðkvaddur 4. apríl. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigrún Guðjónsdóttir**
**Emanúel Rafnsson** · **Áslaug Halla Elvarsdóttir**
**Harpa Lind Emanúelsdóttir**
**Hreindís Lind Emanúelsdóttir**
**Manúela Dís Emanúelsdóttir**

# nettó

markhönnun ehf



NETTÓ KJÚKLINGUR 1/1
**696**
ÁÐUR 849 KR/KG



ÍSFUGL BBQ KJÚKLINGALEGGIR
**850**
ÁÐUR 895 KR/KG



-25%

FERSKT NAUTA PIPARSTEIK ÍSLENSK
**3.449**
ÁÐUR 4.598 KR/KG



FERSKT GRÍSAPOTTRÉTTUR Í SVEPPASÓSU
**1.980**
ÁÐUR 2.329 KR/KG




-25%

RÚGBRAUÐ MINNI SYKUR
**299**
ÁÐUR 398 KR/STK

-30%

PRÓTEINBRAUÐ LÁGKOLVETNA
**384**
ÁÐUR 549 KR/STK

-30%

HAFRABRAUÐ LÍFRÆNT
**384**
ÁÐUR 549 KR/STK

*Fínt á grillið*



-20%

SS LAMBALÆRI SAGAÐ - FROSIÐ
**1.278**
ÁÐUR 1.598 KR/KG




DR. PEPPER 33 CL - DÓS
**129** KR/STK

**Tilboðin gilda 7. – 10. apríl 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




629
kr. 518 g

**Cheerios Morgunkorn**
518 g




798
kr. 1 kg

**Kelloggs Corn Flakes**
1 kg - Verð áður 849 kr.




450 grömm

279
kr. 450 g

**Euro Shopper Tortilla Chips**
450 g, 2 tegundir




309
kr. stk.

**Myllan Lífskornabrauð**
450 g, 3 tegundir

MYLLU HEILKORNABRAUÐ




98
kr. 145 g

**Maryland Kex**
145 g, 4 tegundir




98
kr. 40 g

**Pringles Snakk**
40 g, 3 teg.




98
kr. 100 g

**Euro Shopper Súkkulaði**
100 g, 5 teg.

NÝBAKAÐ!



198
kr. stk.

**Bónus Ostaslaufa**
120 g

ÓDÝR OG GÓÐ PIZZUVEISLA




198
kr. 400 g

**Wewalka Pizzadeig**
ferskt, 400 g

298
kr. 550 g

**Wewalka American Pizzadeig,** ferskt, 550 g

## NÝTT Í BÓNUS




598
kr. 200 ml

**Batiste Þurrsjampó**
200 ml, 5 tegundir

500 ml




198
kr. 500 ml

**Gunry Handsápa**
4 teg., 500 ml

2 dósir í pakka




1.698
kr. pk.

**Nivea Dag- og Næturkrem**
2x50 ml




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag verður hæglætisveður framan af degi og sólin ætti eitthvað að ná að brjótast í gegnum skýin. Um kvöldið þykknar upp á Suður- og Vesturlandi og það hvessir.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 0° | 0° |
| ← 11 | ← 10 | ← 7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 4° | -2° |
| ← 6 | ← 10 | ↑ 7 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -2° | -3° |
| ↙ 9 | ↙ 6 | ↓ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 3° | -6° |
| ↓ 8 | ↙ 8 | ↙ 10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. lof
6. í röð
8. fýldur
9. borða
11. gelt
12. grunneiningu lífveru
14. fjandans
16. rás
17. missir
18. rell
20. kyrrð
21. ögn

**LÓÐRÉTT**
1. pappír
3. mannþvaga
4. undirokunar
5. bar
7. sáldraður
10. eyrir
13. gilding
15. fugl
16. egna
19. tveir eins




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. þökk, 6. rs, 8. súr, 9. éta, 11. gá, 12. frumu, 14. árans, 16. æð, 17. tap, 18. suð, 20. ró, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. bréf, 3. ös, 4. kúgunar, 5. krá, 7. stráður, 10. aur, 13. mat, 15. spói, 16. æsa, 19. ðð.

### Skák Gunnar Björnsson

Hermann Aðalsteinsson (1.664) átti leik gegn Tómasi Veigari Sigurðarsyni (1.940) á Skákþingi Hugins – Norðursvæði. Tómas lék illa af sér með **21. a5**

**21...Rc7!** Svona einfalt er það. Hvíta drottningin fellur. Tómas veitti hetjulega vörn en mátti viðurkenna sigraðaðan 40 leikjum síðar. Sigurður Daníelsson sigraði á mótinu.

**www.skak.is:** Keppendalisti landsliðsflokks

Svartur á leik




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 7 | 3 | | | | 5 |
| | 5 | | | 9 | | 6 | | 7 |
| | | | 8 | | | | 2 | 3 |
| | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| | 1 | 4 | | 6 | | 7 | | |
| 2 | 3 | | | 1 | | 4 | | |
| | | | | 8 | | | | |
| 3 | | | 1 | | | | | 4 |
| 1 | 6 | 7 | | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | 8 | | | | 2 | 9 |
| 8 | 9 | | 7 | 1 | | | | |
| | | | | 6 | | 5 | | 8 |
| | | 6 | | | 8 | | 5 | |
| 7 | | 8 | | | | | 6 | 1 |
| 5 | | | | 4 | | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | 4 |
| | | 1 | | | 4 | 9 | | |
| | | | | 5 | | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 2 | | 5 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| 2 | | | | | 5 | | 9 | |
| 5 | | | | | 4 | 1 | | |
| | 1 | 4 | 5 | | 3 | | 2 | |
| 6 | | 9 | | 1 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 8 | | 4 | 6 |
| | | 1 | | | | 9 | | |
| 4 | | | 2 | 6 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 5 | 6 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 6 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 |
| 1 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







DJÚP SPOR
10. APRÍL, KL. 21:00
15. APRÍL, KL. 20:30
24. APRÍL, KL. 20:30

BANGOURA BAND
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
7. APRÍL, KL. 21:00

PÉTUR JÓHANN
ÓHEFLAÐUR
16. APRÍL, KL. 20:00

VINNSLAN #10
9. APRÍL, KL. 19:30

MIÐASALA:
MIÐI.IS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS
TJARNARBÍÓ

# NÝJUSTU GRÆJURNAR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM

80HE00GS

### YOGA3 PRO

**LENOVO MEÐ QHD+ SNERTISKJÁ**

Windows 10 Free Update

50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 199.900

QHD+ IPS FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

Sú allra flottasta frá Lenovo, örþunn og fislétt með QHD+ IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360° ásamt mögnuðu JBL hljóðkerfi!

- Intel Core M-5Y71 2.9GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SATA3 SSD ofur hraður diskur
- 13.3" QHD+ IPS fjölsnertiskjár 3200x1800
- 1GB Intel HD 5300 DX12 skjákjarni
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 867Mbps WiFi AC, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Örþunn 12.7mm og aðeins 1,19kg
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

360° SNÚNINGUR

JBL

Lenovo

**149.900**

FÆST Í 3 LITUM

Bluetooth

TYTAN BT

FRÁBÆR FJARSTÝRING FYLGIR MEÐ!

### TYTANBT

**2.1 HLJÓÐKERFI**

- Hágæða 2.1 hljóðkerfi frá Trust
- 60W RMS skila öflugum hljóm
- Djúpur bassi með viðarbassaboxi
- Nákvæmur og vandaður tweeter
- Hægt að tengja þráðlaust með Bluetooth
- AUX og heyrnartóla tengi í styrkstilli
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

Trust DIGITAL LIFESTYLE ACCESSORIES

**19.990**

BLUETOOTH ÞRÁÐLAUST!

XL2411Z

144Hz 24" 144Hz 3D SKJÁR ALGJÖRLEGA NÝ UPPLIFUN!

100% KEPPNIS

BenQ

### 24"3DLED

**144Hz LEIKJASKJÁR**

- Sérhannaður 144Hz 3D LED leikjaskjár
- 24" LED FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 1ms viðbragðstími og FPS mode f/leiki
- HDMI 1.4, DVI-DL og VGA tengi
- Forstillingar fyrir helstu leiki, CS:GO ofl.
- Black eQualizer skilar hárbeittri sýn!

**49.990**

27" 99.990 | 27" QHD 129.990

3 LITIR

Arozzi

### ENZO

**HÁGÆÐA LEIKJASTÓLAR**

- Hágæða slitsterkt PU-Leðuráklæði
- Þykkir og mjúkir púðar á örmum
- Hannaður fyrir langtímanotkun ;)
- Class-4 gaslifta og 360° snúningur
- Fjöldi stillinga fyrir bæði hæð og bak
- Tvöföld nælonhjól sem rúlla auðveldlega
- Arozzi er val atvinnuspilara um allan heim

**34.990**

ÞÚ SEKKUR Í ÞENNANN;)

### GIGABYTE

**GAMING TÖLVUTILBOÐ 2**

- Thermaltake H25 Window leikjaturn
- Intel Core i5-6400 Quad 3.3GHz Turbo
- GIGABYTE Skylake B150 móðurborð
- 8GB DUAL DDR4 2400MHz minni
- 256GB SSD M.2 PCIe SP900 diskur
- 2GB GTX960 OC öflugt leikjaskjákort
- USB 3.1 Type-C & Type-A og M.2 tengi
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum!

**179.990**

VINSÆLASTI LEIKJATURNINN OKKAR

MODULAR HEYRNARTÓL HÆGT AÐ SKIPTA ÚT ÖLLUM EININGUM!

### RIG500E

**7.1 GAMING HEYRNARTÓL**

Sérhönnuð og fislétt Modular leikjaheyrnartól með tveim settum af eyrnarskálum, opnum fyrir æfingar og lokuðum fyrir leikjamótin;)

- e-Sports leikjaheyrnartól frá Plantronics
- Tvö sett af eyrnarskálum, opin og lokuð
- Dúnmjúkir memory foam púðar
- Kraftmikil bassi með 40mm driver
- Hljóðeinangrandi Flip-to-mute MIC
- Bæði USB og Stereo Jack 4p snúrur
- Spöng sem lagar sig að höfuðlagi þínu
- Ótrúlega létt og þægileg, aðeins 200 gr
- Hægt að skipta um allar einingar!

2x EYRNASKÁLAR BÆÐI OPIN OG LOKUÐ!

DOLBY 7.1 SURROUND

plantronics

**29.990**

RIG500 PC, PS4, XBOX FRÁ 14.990

CRUZ BAKPOKI Fartölvubakpoki með plássi fyrir allt aukadótið :)

CRUZ 16"

**7.990**

3 LITIR

Trust

### FARTÖLVUBAKPOKI

S55

**9.990**

AÐEINS 100 STK

120GB 6.990

Silicon Power

### 240GB SSD DISKUR

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 14.900

DIXXO

**9.900**

LED LÝSING EINSTAKLEGA FLOTT SÉRSTILLANLEG 360 GRÁÐU LED LÝSING

Trust DIGITAL LIFESTYLE ACCESSORIES

### ÞRÁÐLAUS HÁTALARI

500GB

**59.990**

PS4 STÝRIPINNI FYLGIR

### PLAYSTATION 4

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

## TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

acer · Lenovo · GIGABYTE · BenQ · KOSS · Trust · Microsoft · intel Security

7. Apríl 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreng



**Emilía Rós kveðst hafa ástríðu fyrir Ibertkonsertinum enda hafi hún kynnst honum ung að árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Guð, ég verð að læra þennan konsert

**Allt frá því Emilía Rós Sigfúsdóttir þverflautuleikari var ellefu ára hefur flautukonsert Jacques Ibert fylgt henni. Hún flytur þennan elskaða konsert í Hörpu í kvöld sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég er bara að ná hjartsláttinum niður. Þetta er svo mikill spenningur og gleði,“ segir Emilía Rós Sigfúsdóttir þverflautuleikari að lokinni æfingu með Sinfóníuhljómsveitinni fyrir tónleikana í kvöld, þar sem hún leikur flautukonsert eftir Jacques Ibert. Hún kveðst hafa ástríðu fyrir þeim konsert enda kynnst honum ung að árum.

„Ég var nemandi Örnu Kristínar Einarsdóttur sem er framkvæmdastjóri sinfóníunnar núna, við vorum að undirbúa fyrstu stóru tónleikana mína, þar sem ég spilaði einleik með hljómsveit, ellefu ára, og Arna sagði: „Heyrðu þú verður að fara á sinfóníutónleika í vikunni. Hún Áshildur Haraldsdóttir er að spila Ibertkonsertinn og honum þarft þú að kynnast.“ Sýnir mér nóturnar og segir að þetta sé rosalega erfitt verk. Ég hugsaði: Guð, ég verð að læra þennan konsert og ná tökum á honum. Pabbi pantaði nóturnar að utan – auðvitað áður en netið kom til, og frá 13, 14 ára aldri hef ég verið að æfa þennan konsert af og til. Lærði hann mjög vel fyrsta árið mitt í framhaldsnámi í London því ég tók þátt í stórri keppni og var ein af þremur í úrslitum, sem þýddi að ég fékk að spila einleik með hljómsveit í fínum sal í London. Það var mjög gaman. Flautuleikarar hafa nefnilega ekki eins mörg djúsí verk og þeir sem spila á píanó og fiðlu svo þeir verða að gera það besta úr því sem þeir hafa.“

**FLAUTULEIKARAR HAFA NEFNILEGA EKKI EINS MÖRG DJÚSÍ VERK OG ÞEIR SEM SPILA Á PÍANÓ OG FIÐLU SVO ÞEIR VERÐA AÐ GERA ÞAÐ BESTA ÚR ÞVÍ SEM ÞEIR HAFA.**

### TÓNLEIKAR KVÖLDSINS Í HÖRPU

Auk flautukonserts Iberts flytur Sinfóníuhljómsveitin rapsódíu eftir Ravel og 8. sinfóníu Dvořáks sem hann samdi á sveitasetri sínu í Bæheimi. Sinfónían er ljóðræn enda sækir tónskáldið hluta efniviðarins í bæheimskan þjóðlagaarf.

Hljómsveitarstjóri kvöldsins er Antonio Méndez sem vakti nýlega alþjóðaathygli þegar hann vann 2. verðlaun í hinni virtu Nikolai Malko-keppni ungra hljómsveitarstjóra í Kaupmannahöfn.

Á undan tónleikunum kynnir Sigurður Ingvi Snorrason efnisskrá þeirra á tónleikakynningu Vinafélagsins sem hefst klukkan 18 og er haldin í Hörpuhorninu.

Emilía Rós tók snemma ástfóstri við flautuna. „Ég fór í forskóla í tónlist á Akureyri fjögurra ára og var ekki búin að vera þar í tvö ár þegar ég var farin að snúa blokkflautunni út á hlið. Var svo heppin að þar var kennari sem leyfði mér að byrja sex ára á þverflautu og hún hefur ekki yfirgefið mig síðan – fer með mér í öll frí. Það er bara þannig.“

Meðal leiðbeinenda Emilíu Rósar í flautuleik var hin austurríska Manúela Wiesler sem bjó um tíma á Íslandi og allir dáðu. „Manúela var flutt af landinu þegar ég kynntist henni en kom og hélt sumarnámskeið og ég var á því síðasta. Hún var alveg mögnuð,“ segir hún.

Aðeins einu sinni áður kveðst Emilía Rós hafa spilað einleik með sinfóníunni, þó hafi hún haft nóg fyrir stafni eftir að hún flutti heim frá London 2009. „Ég hef verið lausráðin við sinfóníuna og haft talsvert að gera þar og svo með hópnum Electra Ensemble sem ég og nokkrar aðrar tónlistarkonur stofnuðum. Einnig hef ég spilað einleikstónleika hér og þar og gaf út diskinn Portrait með Ástríði Öldu Sigurðardóttur fyrir örfáum árum. Ég á líka tvö börn með manninum mínum, tveggja og fjögurra ára stráka sem eru kröftugir og mér finnst mikilvægt að sinna þeim vel.“ **gun@frettabladid.is**

# Tilvalið að dansa af sér veturinn á tónleikum

Listahátíðin Vinnslan verður haldin nú á laugardagskvöldið í Tjarnarbíói. Um 30 listamenn sýna þar verk í vinnslu og fylla rými Tjarnarbíós með hinum ýmsu listformum.

„Það sem er skemmtilegast við hátíðina er fjölbreytnin því þar verða brot og atriði úr því ferskasta sem er að gerast í lifandi tónlist, myndlist, leikhúsverkum, dansi, gjörningum og vídeólist,“ segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir sem er meðal skipuleggjenda Vinnslunnar. Hún segir allt Tjarnarbíó lagt undir, hvort sem um sé að ræða svið eða salerni, miðasölu, bar, æfinga-, búninga- eða sminkherbergi.

**...LISTAMENNIRNIR SÝNA BROT ÚR VERKUM SEM ÞEIR ERU AÐ ÞRÓA OG FÁ VIÐBRÖGÐ ÁHORFENDA VIÐ ÞEIM, ÁÐUR EN ÞEIR FULLVINNA ÞAU.**

„Gestir fá dagskrárblað í hendur og geta svo gengið um og skoðað, hlustað og uppgötvað eitt og annað því listamennirnir sýna brot úr verkum sem þeir eru að þróa og fá viðbrögð áhorfenda við þeim, áður en þeir fullvinna þau.“

Þetta er tíunda Vinnslan, að sögn Hörpu Fannar, og allar hafa þær verið vel sóttar. „Til að byrja með voru þær í Norðurpólnum úti á Nesi og þangað komu um 300 á kvöldi,“ lýsir hún og segir héðan í frá stefnt að slíkri listahátíð árlega í apríl.

Meðal listamanna að þessu sinni eru Sigga Soffía, Stafrænn Hákon, Mikael Lind, Körrent, Quest, Einar Indra og Elín Anna Þórisdóttir.

Hátíðin stendur frá klukkan 19.30 til 23. „Kvöldinu lýkur á tónleikum,“ segir Harpa Fönn. „Þá er tilvalið að dansa af sér veturinn.“ **gun@frettabladid.is**



**Það er líka til listahópur sem heitir Vinnslan. Í honum er Harpa Fönn sem sést hér með iPad.** MYND/ÚR EINKASAFNI

SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

# Samsung valið, enn á ný, besta sjónvarpið í Evrópu




EISA AWARD
Best Product 2015-2016
HIGH END TV
Samsung UE65JS9500

SUHDTV
4x betri upplausn, Nanokristal-tækni, 64x fleiri litir, 30% meiri birta.

65" Samsung JS9505




Samsung SUHD

65" Samsung JS9005
**599.900.-**




65" Samsung JU6075
**369.900.-**

ULTRA HD

4x betri upplausn, Smart TV, Netflix ofl., Öll tæki í einni og sömu fjarstýringunni. Upplifðu meiri dýpt í bognu tæki (JU7505) UHD uppskölun.




65" Samsung JU7505
**469.900.-**




65" Samsung JU7005
**449.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# BÍÓ



Myndin er byggð á samnefndri metsöluskáldsögu.

# Maðurinn Ove er krúttlegur fýlupúki

## Kvikmyndinni er leikstýrt af Hannes Holm og með aðalhlutverk fer Rolf Lassgård.

KVIKMYNDIR

**Maður sem heitir Ove**

★★★☆☆

**Leikstjóri og handritshöfundur:** Hannes Holm
**Byggð á bók eftir:** Fredrik Backman
**Aðalleikarar:** Rolf Lassgård, Zozan Akgün, Tobias Almborg, Filip Berg

Maður sem heitir Ove er byggð á samnefndri metsöluskáldsögu um hinn annálaða fýlupúka Ove. Hann var formaður húsfélagsins í hverfinu en missti stöðu sína, samt lætur hann áfram eins og ekkert hafi í skorist og vasast enn þá í öllum hverfismálum. Ove missti auk þess nýverið konuna sína og í upphafi myndar er honum sagt upp vinnu sinni til 43 ára. Eftir allt þetta ákveður Ove að fyrirfara sér en er ítrekað truflaður þegar hann reynir það, á meðan á því stendur eignast hann líka nýja nágranna sem fá hann til að líta bjartari augum á lífið.

Hér er á ferðinni mynd sem virkar í fyrstu mjög augljós, klisjukennd og fyrirsjáanleg og sá grunur reynist réttur. Auk þess er stígandin í myndinni frekar brokkgeng, kannski af því að myndin er byggð á bók þar sem aðeins önnur lögmál gilda en í kvikmyndum, og myndin nær ekki alveg að losna úr viðjum bókarinnar.

En þrátt fyrir þessa galla nær Maður sem heitir Ove til manns. Hún er ágætlega leikin, fagmannlega gerð og stundum fyndin en fyrst og fremst er hún þó krúttleg. Þessir kostir ná að gera myndina ágætlega skemmtilega. Hún slagar í hátt í tvo tíma en maður finnur ekki svo mikið fyrir því þó vissulega hefði mátt stytta hana aðeins.

Efniviðurinn minnir um margt á As good as it gets og má segja að hér sé á ferðinni krúttlegri skandinavísk útgáfa af þeirri sögu. Ove er jafnvel enn meiri fýlupúki en persóna Jacks Nicholson í As good as it gets. Maður sem heitir Ove er ekki nærri því eins góð og sú mynd, kannski út af því að Ove verður viðkunnanlegri en persóna Nicholson þar sem hegðun hans er betur réttlætt hér þar sem við fáum að kynnast fortíð hans og skilja smá saman hvernig Ove varð eins og hann er, sem gerir hann eiginlega minna spennandi karakter.

Rolf Lassgård stendur sig samt ágætlega í aðalhlutverkinu og tekst að glæða þennan annars fremur stereótýpíska karakter lífi.

Maður sem heitir Ove virðist ekki vera að segja eitthvað mikið meira en að jafnvel örgustu fýlupúkar geti verið vænstu menn inn við beinið og að allir eigi að fá tækifæri. Þetta er hvorki sérlega frumleg né djúp bíómynd og hún skilur lítið eftir sig. En hún er heldur ekki að reyna að vera neitt mikið meira en hún er og þessi skortur á tilgerð er kannski helsti kostur hennar, en um leið ákveðinn löstur þar sem myndin nær aldrei neinu rosalega flugi, en heldur aldrei mikilli lægð. Hún er ágætis „krádplíser“, en lítið meira en það.

Nú hefur undirritaður ekki lesið bókina sem myndin er byggð á en telur þó líklegt að aðdáendur hennar muni ekki verða fyrir vonbrigðum. **Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Krúttlegur lítill krádplíser sem tekur sig ekki of hátíðlega en tekur heldur enga sjensa. Ágæt skemmtun meðan hún varir en skilur lítið eftir sig.

# Frumsýningar

## HARDCORE HENRY



Spennumynd
Aðalhlutverk: Sharlto Copley, Tim Roth, Haley Bennett, Danila Kozlovsky
Frumsýnd 8. apríl
IMDb 6,9/10
Rotten Tomatoes 81%

## THE BOSS



Gamanmynd
Aðalhlutverk: Melissa McCarthy, Kristen Bell, Peter Dinklage, Dave Bautista.
Frumsýnd 15. apríl

## THE SHOW OF SHOWS




Heimildarmynd
Leikstjóri og handritshöfundur: Benedikt Erlingsson
Frumsýnd 8. apríl
IMDb 6,9/10






Frá kr.
**62.900**
m/morgunmat

**2 FYRIR 1**
& SÉRTILBOÐ

Skelltu þér í
# BORGARFERÐ

Heimsferðir bjóða fjölmargar borgarferðir, margar af helstu perlum Evrópu í beinu leiguflugi. Allar borgirnar eiga það sameiginlegt að vera áhugaverðar, bjóða góða veitingastaði og úrvals verslunarmöguleika. Það getur verið einstæð upplifun að ganga um götur borganna og bera fallegar byggingarnar augum, þræða mjó strætin sem liggja að fallegum torgum þar sem hægt er að setjast niður og fá sér eins og einn kaldan. Njóttu lífsins og drekktu í þig árþúsundamenningu, meistaraverk á torgum úti og einstakt andrúmsloft sem þessar borgir bjóða. Skelltu þér í helgarferð!



## BRATISLAVA
2fyrir1
5.-9. maí



**Hotel Falkensteiner**

**Frá kr. 63.900** 2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur

## BÚDAPEST
2fyrir1
12.-16. maí



**Hotel Mercure Buda**

**Frá kr. 62.900** 2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
12. maí í 4 nætur

## LISSABON
2fyrir1
20.-24. apr. I 13.-16. maí



**Hotel Altis Grand**

**Frá kr. 84.900** 2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
13. maí í 3 nætur.

## LJUBLJANA
2fyrir1
13.-16. maí



**Hotel City**

**Frá kr. 65.900** 2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
13. maí í 3 nætur.

## PRAG
2fyrir1
5.-9. maí



**Hotel NH Prague**

**Frá kr. 66.900** 2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur

## VALENCIA
Sértilboð
5.-9. maí



**Hotel Conqueridor**

**Frá kr. 99.900** sértilboð
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
5. maí í 4 nætur.

## RÓM
Sértilboð
28. apr -2. maí



**Hotel Gioberti** +

**Frá kr. 99.900** sértilboð
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.
28. apríl í 4 nætur.

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM73477










# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. APRÍL 2016

### Kvikmyndir

**Hvað?** O, Brazen Age
**Hvenær?** 20.00
**Hvað?** Bíó Paradís
Kanadíska indíkvikmyndin O, Brazen Age verður sýnd í kvöld og næstu tvö kvöld í Bíói Paradís. Miðaverð er 1.400 krónur.

### Tónlist

**Hvað?** Opnar æfingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Sinfóníuhljómsveit Íslands er með opnar lokaæfingar fyrir almenna áskriftartónleika sína á fimmtudögum. Þar gefst áhugasömum tækifæri á því að heyra Sinfóníuhljómsveitina leika dagskrá tónleika kvöldsins að hluta eða heild. Athygli er vakin á því að æfingarnar eru ekki tónleikar heldur vinnuæfingar og dagskrá þeirra því ekki í fullu samræmi við tónleika kvöldsins. Miðaverð er 1.900 krónur.

**Hvað?** Ravel og Dvořák
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Flautuleikarinn Emilía Rós Sigfúsdóttir er einleikari á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Á efnisskránni eru verk eftir Maurice Ravel, Jacques Ibert og Antonín Dvořák. Stjórnandi er Antonio Méndez. Miðaverð er 2.400 til 6.900 krónur.

**Hvað?** GEIMSKOT: DJ Aymen (LDN), Elísabet Ormslev & Ásdís
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustin
Söngkonurnar Ásdís María og Elísabet Ormslev takast á með röddum sínum og plötusnúðurinn Dj Aymen frá London þeytir skífum. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Til Ellyjar - Heiðurstónleikar í minningu Ellyjar Vilhjálms
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljós, Harpa
Elly Vilhjálmsdóttir hefði fagnað 80 ára afmæli þann 28. desember síðastliðinn og munu fjórar söngkonur stíga á svið í kvöld og syngja hennar vinsælustu lög. Á svið stíga þær Sigríður Thorlacius, Sigríður Beinteinsdóttir, Ragnheiður Gröndal og Guðrún Gunnars. Hljómsveit kvöldsins er skipuð þeim Gunnari Gunnarssyni á píanó og hljómsveitarstjórn, Sigurði Flosasyni á saxófón, klarinett, flautu og slagverk, Ásgeiri Ásgeirssyni á gítar og mandólín, Þorgrími Jónssyni á bassa, Hannesi Friðbjarnarsyni á trommur og Stefáni Erni Gunnlaugssyni á hljómborð og fleira. Miðaverð frá 6.990 krónur.



**Hvað?** Glow og Lily of the Valley
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti
Glow og Lily of the Valley efna til tónleika á Lofti hosteli í kvöld. Hljómsveitin Glow leggur um þessar mundir lokahönd á sína fyrstu plötu, Unity og Lily of the Valley gaf á dögunum út plötu sína Ghosts.



Kanadíska indíkvikmyndin O, Brazen Age verður sýnd í Bíói Paradís í kvöld. MYND/NORTHCOUNTRYCINEMA

**Hvað?** Jófríður Ákadóttir & Shahzad Ismaily
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
Tónlistarkonan Jófríður Ákadóttir og Shahzas Ismaily efna til tónleika í Mengi í kvöld og einnig mun saxófónleikarinn Tumi Árnason stíga á svið. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Bangoura Band
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Bangoura Band efnir til útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld. Níu tónlistarmenn skipa sveitina sem leikur afrobeat, mandingue og funk-tónlist. Miðaverð er 2.000 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Mið-Ísland
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bíóhöllin, Akranes
Uppistandshópurinn Mið-Ísland sýnir sýningu sína í Bíóhöllinni á Akranesi. Miðaverð er 3.500 krónur.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Ímynd Barcelona
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 101, Oddi
Jaume Subirana flytur fyrirlestur við Háskóla Íslands á ensku um ímynd Barcelona. Hann er fæddur og uppalinn í borginni og hefur fjallað um sögu borgarinnar í ræðu og riti. Í fyrirlestrinum mun hann varpa ljósi á hvernig hugmyndir fólks um staðinn hafa mótast og ræða að hvað miklu leyti ímynd borgarinnar byggist á huglægum þáttum og hugtökum.

**Hvað?** Fyrirlestur: Janusz Mucha, prófessor í félagsfræði
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 106, Oddi
Janusz Mucha, prófessor í félagsfræði og deildarforseti félagsfræði- og mannfræðideildar AGH University of Science and Technology í Kraká, heldur fyrirlesturinn Foreigners in Polish Academic System at the Beginning of the 21st Century. Allir velkomnir.

**Hvað?** Leikrit í þremur þáttum: Rannsókn á sögu performance kyngervis samkynhneigðar á Íslandi frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu 15
Félag þjóðfræðinga á Íslandi í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands býður alla velkomna á fyrirlestur Valgerðar Óskarsdóttur þjóðfræðings, Leikrit í þremur þáttum: Rannsókn á sögu performance kyngervis samkynhneigðar á Íslandi frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag.

**Hvað?** Hvað er með þennan kvíða?
Ókeypis fræðslufyrirlestur í boði Sálfræðingafélagsins í tilefni Sálfræðiþings
**Hvenær?** 20.30
